

Hver úr sínu horni

könnun um miðlun sérþekkingar innan leikskóla Reykjavíkur

Soffía Adólfsdóttir

Telma Kjaran



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.A.-gráðu
í þroskaþjálfafraeði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Mái 2009

Lokaverkefni til B.A. -prófs

Hver úr sínu horni

könnun um miðlun sérþekkingar innan leikskóla Reykjavíkur

Soffía Adólfsdóttir

031083-3979

Telma Kjaran

241078-4779

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Íþróttá-, tómsunda- og þroskajálfæðild

Maí 2009

Útdráttur

Hugmyndin að ritgerð þessari kviknaði útfrá framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um menntun leikskólabarna frá árinu 2008. Í henni kemur fram að nokkrir leikskólar búi yfir sérþekkingu og eigi að öðlast ráðgjafarhlutverk gagnvart öðrum skólum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig þessari miðlun sérþekkingar innan leikskóla Reykjavíkur er háttað. Það var gert með því að leggja spurningalista fyrir stjórnendur ákveðinna leikskóla og þeim var fylgt eftir með að hálfopnum viðtölum við nokkra valda þátttakendur. Spurningalistar voru sendir til sjö leikskóla sem allir búa yfir sérþekkingu á sérþörfum barna. Innan þessarar leikskóla var sögð vera sérþekking á: hreyfihömlun, heyrnarskerðingu og fjölmenningu. Í fræðilega hlutanum er fjallað um hugtök, lög, strauma og stefnur tengd rannsóknarefninu. Í ljós kom að ekki er um markvissa miðlun sérþekkingar að ræða en stjórnendur leikskólanna sögðust vera áhugasamir um að auka hana. Hugtakið sérþekking er mjög á reiki innan leikskólanna og þeir óöruggir um hlutverk sitt hvað miðlun hennar varðar. Ljóst að þörf er á að skilgreina hugtakið sérþekking til þess að samræma starfssvið leikskólanna. Einnig þarf að huga að því að velja þessari miðlun farveg í ákveðnu formi s.s. með aukinni fræðslu og stofnun gagnabanka.

Töflur og myndir.....	6
Inngangur.....	7
I. Hluti: Bakgrunnur og lagalegt umhverfi	
1. Ytri umgjörð leikskólastarfs	9
1.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	9
1.2 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun	10
1.3 Salamanca yfirlýsingin	10
1.4 Lög um leikskóla	11
1.5 Aðalnámskrá leikskóla	12
1.5.1 Skóli án aðgreiningar.....	14
1.5.2 Snemmtæk íhlutun	15
2. Réttindi barna með sérþarfir	18
2.1 Lög um málefni fatlaðra	18
2.2 Stefnumörkun Félagsmálaráðuneytisins	18
2.3 Börn með sérþarfir	20
2.3.1 Börn með skilgreindar fatlanir	20
2.3.2 Börn með samskipta- og hegðunarraskanir	21
2.3.3 Börn af erlendum uppruna	22
3. Sérkennt á Leikskólum Reykjavíkur	23
3.1 Sérkennt	23
3.2 Úthlutun sérkennslutíma.....	24
3.3 Hverjir veita sérkennslu.....	25
3.4 Uppbygging sérþekkingar á leikskólum	26
3.5 Fjölmennning á leikskóla	26
3.6 Ráðgjafarhlutverk leikskóla	28
4. Samantekt og niðurstöður úr I. hluta	30
II. Hluti: Rannsóknin	
5. Aðferðafræði og framkvæmd	32
5.2 Þátttakendur	33
5.3 Samantekt úr 5. kafla	34
6. Niðurstöður	35
6.1 Kynning á leikskólunum.....	35
6.2 Almenn um leikskólana:.....	36
6.3 Almenn um sérþekkingu	37
6.4 Miðlun sérþekkingar.....	38
6.5 Viðtöl	42
III. Hluti: Umræða	
7. Umræða	44
Lokaorð	49

11. Heimildir	51
Viðauki A.....	55
Viðauki B.....	60
Viðauki C.....	61
Viðauki D.....	62

Töflur og myndir

Tafla 1. Yfirlit um þátttakendur rannsóknar.	29
Mynd 1. Menntun starfsmanna.	32
Tafla 2. Sérþekking leikskólanna.	33
Mynd 2. Miðlun sérþekkingar um þessar myndir.	34
Mynd 3. Ástæður fyrir áhuga á frekari miðlun sérþekkingar.	36
Mynd 4. Hvernig er óskað eftir að miðla sérþekkingunni enn frekar.	36
Mynd 5. Umsjón með eftirfylgni á sérþekkingu.	37

Inngangur

Leikskóladvöl er orðin almennur valkostur fyrir öll börn á Íslandi. Í Reykjavík er stuðlað að fullri þátttöku barna með sérþarfir í daglegu starfi samhliða öðrum börnum. Í dag er hugmyndin um rétt barna orðin almennt viðurkennd. Réttindi barna eru tilgreind víða og litið er á þau sem fullgilda þjóðfélagsþegna sem standa þarf vörð um sbr. Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992.

Á undanförnum árum hefur þekking á þroskafrávikum aukist til muna. Nú eru ýmis frávik viðurkennd og því orðin órjúfanlegur hluti af fjölbreytileika mannlífsins. Börn með hverskonar sérþarfir eiga nú að njóta sammælis við önnur börn á leikskólum og er réttur þeirra sérstaklega tilgreindur í lögum og námskrám. Börn eiga rétt á þeim stuðningi sem þau þurfa til að geta tekið fullan þátt í starfi leikskólans.

Hugmyndafræði á borð við „Skóla án aðgreiningar” og „einstaklingsmiðað nám” hefur á undanförnum árum rutt sér til rúms í kennslu barna á Íslandi. Um þessar mundir er svo komið að á leikskólum dvelst mjög fjölbreyttur hópur barna með ólíkar þarfir. Samkvæmt ríkjandi hugmyndafræði er það skylda starfsfólks að mæta hverju barni þar sem það er statt í getu og þroska. Þar er haft að leiðarljósi að barnið fái tækifæri til að dafna og þroskast í umhverfi sem hlustað er á einstaklingsmiðaðar þarfir. Þarfir barna eru mismunandi og nú dveljast mörg börn af erlendum uppruna á leikskólum auk fatlaðra barna og barna með ýmsar raskanir og erfiðleika. Ríkjandi hugmyndafræði gerir það að verkum að nauðsynlegt er að leikskólar búi yfir fjölbreyttri þekkingu og reynslu til þess að takast á við þarfir þessa breiða barnahóps. Ákveðnir leikskólar hafa í gegnum árin skapað sér sérstöðu á tilteknum sviðum og búa yfir sérþekkingu í tengslum við ákveðna málaflokka (Elísabet Helga Pálmadóttir munnleg heimild, 26. febrúar 2009). Í fyrstu var það staðsetningin sem skipti þar mestu. Nálægð við þjónustu sem hentar þeim hópi sem leikskólinn sérhæfir sig í hafði mikil áhrif í upphafi en síðan hefur skapast hefð. Sem dæmi má nefna fjölmennningarlegan leikskóla sem hefur tekið á móti stórum hópi barna af erlendum uppruna sem búa innan hverfisins. Það má rekja til þess að íbúðaverð í hverfinu er lágt og því hentugur valkostur fyrir einstaklinga sem eru að fóta sig í nýju landi.

Hugmyndin um að kanna miðlun sérþekkingar á leikskólum í Reykjavík kviknaði þegar við rákumst á framtíðarsýn Reykjavíkurborgar hvað varðar kennslu barna á leikskólum.

Þar er talað um að þeir leikskólar sem búa yfir sérþekkingu öðlist ráðgjafarhlutverk gagnvart öðrum skólum.

Áhugi okkar lá í því að veita börnum með sérþarfir bestu þjónustu sem völ er á. Við teljum hag þeirra betur borgið með því að virkja ráðgjafarhlutverk leikskólans og efla miðlun sérþekkingar. Þegar ritgerðarskrifin hófust var okkar kenning sú að sérþekking safnist innan ákveðinna leikskóla í Reykjavík. Þar með vaknaði áhugi okkar á því að skoða miðlun þessarar þekkingar betur. Það sem við vildum gera var:

- a) Að kanna hvort sérþekking sé til staðar innan leikskóla.
- b) Að kanna hvort leikskólar miðli slíkri sérþekkingu til annarra leikskóla.
- c) Að kanna hvort áhugi sé fyrir aukinni miðlun sérþekkingar og hvernig megi þá háttá þeirri miðlun.

Auk þessara spurninga vaknaði áhugi okkar á því að skoða nánar hlutverk þroskaþjálfara innan þessara leikskóla. Til þess að svara þessum spurningum sendum við bæði út spurningalista og tókum viðtöl við starfsmenn nokkurra útvaldra leikskóla til þess að dýpka skilning okkar á viðfangsefninu.

Við unnum með lítið úrtak og eru niðurstöður rannsóknarinnar eingöngu ætlaðar til þess að gefa hugmynd um stöðu mála í dag. Þessar niðurstöður eru ekki til þess fallnar að alhæfa um þessi mál.

Ritgerð okkar skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum fer fram fræðileg umfjöllun um þau hugtök sem við komum inn á í tengslum við könnun okkar. Þar má nefna „Skóla án aðgreiningar,“ snemmtæka íhlutun, einstaklingsmiðað nám og lagalegt umhverfi leikskólastarfs. Í öðrum hluta greinum við frá aðferðafræði könnunarinnar og niðurstöðum hennar. Í þriðja hlutanum fara fram umræður þar sem við tengjum niðurstöður okkar við þær spurningar sem við lögðum upp með.

I. Hluti: Bakgrunnur og lagalegt umhverfi

1. Ytri umgjörð leikskólastarfs

Leikskólinn er fyrsta leikskólastigið í landinu og er ætlaður fyrir börn á aldrinum 1-6 ára. Í þessum kafla verða kynnt lög, reglugerðir og alþjóðlegir sáttmálar sem liggja til grundvallar þjónustu við börn á leikskólaaldri. Til þess að veita megi börnum góða þjónustu er nauðsynlegt að skilja þann grunn sem starfið og þjónusta við börnin byggir á. Til að varpa ljósi á þennan grunn er hér fjallað um helstu atriðin þar að lútandi.

1.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur á allsherjarþingi þeirra þann 20. nóvember 1989 og í framhaldinu undirritaður af íslenskum stjórnvöldum. Þau 192 lönd sem hafa undirritað og viðurkennt barnasáttmálann viðurkenna að réttinda barna sé ekki fyllilega gætt í þeim mannréttindasáttmálum sem áður hafa verið gerðir. Í samningnum felst einnig sú nýlunda að viðurkenna börn sem sjálfstæða einstaklinga og að þau hafi eigin réttindi óháð réttindum fullorðins fólks (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992).

Í sáttmálanum er gert ráð fyrir því að hvert barn eigi kröfu til þeirra réttinda sem þar eru tilgreind ásamt kröfu til frelsis. Greinarmunurinn gæti falist í kynþætti, litarhætti, kynferði, tungu, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum eða öðru álíka. Fjölskyldan er grundvallareining samfélagsins og það ber að veita henni aðstoð til að mæta þörfum barnanna svo þau alíst upp í þessu eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar. Barn þarf að eiga kost á að alast upp innan fjölskyldu og búa við hamingju, ást og skilning svo það mótist á jákvæðan hátt. Með því er barninu búið veganesti til að lifa sjálfstæðu lífi innan samfélagsins. Í inngangi sáttmálans segir einnig að í öllum löndum séu börn sem búa við sérstaklega erfiðar aðstæður. Þau þurfi sérstaka athygli sem taki fullt tillit til siðvenja og menningararfleiðar hverrar þjóðar til að vernda barnið og tryggja alhliða þroska þess. Mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu er óumdeilanlegt til þess að bæta megi lífskjör barna í öllum löndum (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992).

1.2 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun var samþykktur þann 30. mars 2007 á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Samningur þessi er ekki lögfestur hér á Íslandi en var engu að síður staðfestur af íslenska ríkinu sama dag og hann var formlega undirritaður (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Aðildarríki samningsins eiga að sjá til þess að fötluð börn njóti fullra mannréttinda til jafns við önnur börn innan þeirra ríkja. Sömu lög eiga að gilda um fötluð börn sem og önnur (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Einnig skuldbinda þau sig til að sjá til þess að fötluð börn eigi sama rétt og önnur börn til almennrar menntunar. Ekki má útiloka þau frá gjaldfrjálsu námi vegna fötlunar. Fötluð börn eiga einnig að hafa aðgengi að frístunda- og tómstundastarfi. Aðildarríkjunum ber einnig að tryggja rétt fatlaðra barna til eðlilegs fjölskyldulífs og tryggja fjölskyldum þeirra alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

1.3 Salamanca yfirlýsingin

Salamanca yfirlýsingin ber heiti sitt af þeirri borg á Spáni þar sem hún var undirrituð þann 10. júní 1994. Hún er viljayfirlýsing 92 ríkja og 25 alþjóðasamtaka. Salamanca yfirlýsingin leggur áherslu á rétt hvers og einstaklings til menntunar. Þar er talað um að fatlaðir hafi jafnan rétt á við aðra til menntunar innan almenns skólakerfis. Kennsla á að taka mið af þörfum hvers og eins. Ekki er þó um bindandi reglugerð að ræða fyrir einstök ríki. Í áætluninni kemur fram einróma samþykki allra þátttakenda um framtíðarmarkmið og stefnu í kennslu nemenda með sérþarfir (Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, 1994). Í Salamanca yfirlýsingunni er talað um að menntun sé frumréttur hvers einstaklings og að ríkinu beri að viðhalda viðunandi menntunarstigi. Jafnframt er þar talað um að í skipulagi menntakerfis og tilhögun náms beri að hafa í huga að börn séu mismunandi að gerð og hafi ólíkar þarfir og hæfni. Sömu tækifæri eigi að standa öllum til boða þó að taka verði tillit til einstaklingsmunar. Einstaklingar með sérþarfir á sviði menntunar eiga að hafa aðgang að almennum skólum ef þeir kjósa það og þar ber að mæta þörfum þeirra með viðunandi kennsluaðferðum. Í Salamanca yfirlýsingunni kemur einnig fram að skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar og móta það umhverfi sem við lifum í svo það geti tekið fötluðum með opnum örmum. Með því að hafa skólann aðgengilegri fyrir alla verður þjóðfélagið umburðarlyndara í garð

fjölbreytileika. Þar af leiðandi geta allir notið sömu tækifæra í lífinu en hver að sínum forsendum (Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, 1994).

Salamanca yfirlýsingin er innihaldsrík og kemur margt gott fram í henni þó að hún sé ekki löng. Hver og einn kennari ætti dags daglega að halda boðskapi yfirlýsingarinnar í heiðri við kennslu sína þrátt fyrir að hún sé ekki bindandi.

1.4 Lög um leikskóla

Leikskólar starfa eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er skilgreindur í lögum sem fyrsta skólastigið á Íslandi. Hann er ætlaður fyrir börn undir skólaskyldualdri. Foreldrar sækjast eftir þjónustu leikskólans og honum er ætlað að sinna uppeldi, umönnun og menntun barna. Velferð barnsins er höfð að leiðarljósi í öllu starfi leikskólans. Börnin eiga rétt á menntun og uppeldi um leið og þeim er búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi sem og öryggi í leik og starfi. Leikurinn er viðurkenndur sem helsta námsleið barnsins. Barninu er ætlað að læra í gegnum leikinn og sköpun í starfi leikskólans þar sem fjölbreyttir möguleikar eru í boði. Umburðarlyndi, kærleikur, jafnrétti, lýðræðislegt samstarf og virðing fyrir einstaklingnum er meðal þeirra gilda sem höfð skulu að leiðarljósi í starfi leikskólans (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Yfirstjórn leikskólans er hjá Menntamálaráðuneytinu en ábyrgð á starfsemi leikskólans er í höndum sveitarfélaganna. Við hvern leikskóla starfar síðan leikskólastjóri sem stjórnar starfi skólans í umboði rekstraraðila. Það er í höndum sveitarfélagsins að tryggja börnum leikskóladvöl og sjá til þess að leikskólinn veiti börnum viðeigandi aðbúnað. Ráðherra setur aðalnámskrá leikskóla sem er endurskoðuð reglulega. Í henni koma fram helstu markmið leikskólastarfsins og áherslur. Hver leikskóli gefur síðan út sína eigin skólanámskrá þar sem áherslur aðalnámskrárinnar eru betur útfærð. Skólanámskráin tekur mið af þeirri sérstöðu sem skólinn hefur skapað sér.

Í 2. grein laga um leikskóla kemur fram að meginmarkið þeirra séu eftirfarandi:

- Að efla og fylgjast með alhliða þroska barna í samvinnu við foreldra og heimili.
- Að veita góða málörvun sem mun leiða til eðlilegrar færni í íslensku.
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir.
- Að stuðla að víðsýni og efla siðferðisvitund.

- Að leggja grundvöll að því að börn verði virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar svo að styrkja megi sjálfmynd þeirra, heilbrigðisvitund og samskiptahæfni.

Á hverjum leikskóla skulu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ásamt leikskólakennara hafa leikskólakennaramenntun. Annað starfsfólk er ráðið samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins. Að frumkvæði leikskólastjóra skal gerð áætlun um símenntun starfsfólks.

Í 17. grein laga um leikskóla kemur fram að leikskólar eigi að vera byggðir með þeim hætti að þeir geti sinnt fötluðum börnum. Einnig ber að hafa sérþarfir barna í huga þegar fjöldi barna á leikskóla er ákveðinn.

Sveitarfélögunum ber að reka sérfræðiþjónustu fyrir leikskóla. Í henni felst stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra auk þess að vera stuðningur við starfsemi skólans og starfsfólk hans. Börn sem þurfa sérstaka aðstoð eða þjálfun að mati viðurkenndra greiningaraðila eiga rétt á þeirri þjónustu innan leikskólans. Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er gert ráð fyrir því að þjónustan skuli vera í höndum sérfræðinga að tekinni ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu um þetta mál. Leikskólastjóri samræmir störf þeirra sem sjá um mál einstakra barna. Jafnframt skal vera samráð við félagsþjónustu í þeim tilfellum sem þurfa þykir. Framkvæmd sérfræðiþjónustu skal vera með áherslu á góð tengsl milli leikskóla og grunnskóla svo stuðla megi að samfelli í skólastarfi.

1.5 Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskólanna er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstarf á leikskólum og á grundvelli hennar eiga allir leikskólar að móta sína eigin námskrá. Aðalnámskráin byggist á hugmyndafræði þar sem þroski og þarfir barnsins er þungamiðja. Hún er einnig notuð við mat á leikskólastarfi og menntun leikskólakennara. Leikskólinn er ætlaður öllum börnum, óháð menningu, litarafti, trúarbrögðum og líkamlegu eða andlegu atgervi. Aðalnámskránni er ætlað að tryggja gæði leikskólanna og sjá til þess að jafna uppeldisaðstöðu barna á Íslandi (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á áðurnefnd markmið í starfi leikskólans. Frumábyrgð á uppeldi barna skal þó alltaf liggja hjá foreldrum en starf leikskólans er viðbót við það uppeldi sem börn fá á heimilum sínum. Innan veggja leikskólans skal áhersla lögð á skapandi starf og leik barnsins. Rækta skal alhliða þroska barna s.s. líkams-

og hreyfiþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, vitsmunapróska, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Barnið lærir ekki í gegnum hefðbundna kennslu heldur með eigin upplifun og reynslu undir leiðsögn leikskólakennara. Þar af leiðandi miðast leikskólafræðin frekar við þroska heldur en fagleg viðmið. Helstu námssvið leikskólans eru: málrækt, hreyfing, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Hvert og eitt námssvið skal nálgast með mismunandi hætti og flétta ber námssviðin saman svo að börnin hafi sem mestan hag af kennslunni (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Greint er frá því í aðalnámskrá leikskóla að hópastarf sé börnum sérlega mikilvægt. Þau þurfa að læra að starfa í hóp og með hópastarfi öðlast þau skilning á samvinnu og fá tækifæri til að þroska með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Með því aukast möguleikar þeirra á að verða þátttakendur í því lýðræðisþjóðfélagi sem við búum í. Áhersla er lögð á að barnið læri í gegnum leikinn.

Leikskólanum ber að taka tillit til mismunandi þarfa barna og börn með sérþarfir eru sérstaklega tekin til umfjöllunar í námskránni. Barn sem er á einhvern hátt fatlað eða á við tilfinningalega og/eða félagslega erfiðleika að stríða á rétt á sérstakri aðstoð til að vega upp á móti þeim hömlun sem það býr við. Það þarf að gæta þess að barnið fái verkefni við sitt hæfi og aðlagist barnahópnum vel og eigi eðlileg tengsl við leikfélaga sína. Börn frá öðrum menningarsvæðum eiga einnig rétt á aðstoð frá leikskólanum til þess að verða virkir þátttakendur í nýju samfélagi og upplifa að þau séu velkomin. Ef vel er að þessu staðið halda þau sjálfsvirðingu sinni og styrkja sjálfstraust sitt.

Barn sem á við langvarandi veikindi að stríða á rétt á leikskóladvöl eftir því sem heilsa þess leyfir. Þátttaka í leik og félagsskapur barna á svipuðum aldri er börnum nauðsynlegur til þess að draga úr kvíða og styrkir þau í erfiðleikum þess. Þá þarf einnig að fara sérstaklega vel að þessum börnum þar sem þrek og úthald þeirra er iðulega skert. Í þessum tilvikum ber að hafa náð samstarf við foreldrana og leiðsögn skal vera einstaklingsmiðuð. Ýmsir atburðir og erfiðleikar geta valdið börnum vanda og haft djúp áhrif á barnið og ber leikskólanum að aðstoða barnið við að vinna bug á ótta sínum og öryggisleysi (Menntamálaráðuneytið, 1999).

1.5.1 Skóli án aðgreiningar

Einstaklingsmiðað nám á rætur sínar að rekja til kenninga um nám og menntun. Margir tengja það við hugsmíðahyggju þar sem áhersla er lögð á að nemandinn sé í brennidepli og að byggt sé á fyrri þekkingu hans. Margt hefur verið skrifað um nálgun af þessu tagi og má þar nefna eigi ómerkari menn en John Dewey, Jean Piaget og Jerome Bruner. Aðrir sem mæla með einstaklingsmiðun á grunni fjölgreindar eru sálfræðingarnir Howard Gardner og Robert Sternberg. Þeir segja að nemendur hafi ólíkan styrkleika og þurfi að fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni á sínum eigin forsendum (Schaffer, 2002).

Einstaklingsmiðað nám er oft rökstutt með því að vísa í kenningar sálfræðinnar þar sem bent er á að einstaklingurinn þurfi að vera tilbúinn að læra til þess að námið skili árangri. Rússneski sálfræðingurinn Vygotsky benti á að verkefni nemenda yrðu að vera hæfilega erfið því ef þau eru of einföld á ekkert nám sér stað en heldur ekki ef þau eru of flókin. Hvatning kennarans og stuðningur eru mikilvægir þættir til að verkefni skili ásættanlegum árangri. Vygotsky lagði áherslu á að kennarar gættu þess að verkefni nemenda hæfðu þeirra getu en þar sem jafnaldrar eru ekki endilega á sama getustigi mælti Vygotsky einnig með einstaklingsmiðun (Schaffer, 2002).

Meginleiðarljós stefnunnar „skóli án aðgreiningar“ er að geta veitt öllum nemendum kennslu þrátt fyrir að þeir kunni að búa við fötun. Skóli skal vera sniðinn að þörfum hvers og eins nemanda. Skóli án aðgreiningar er skóli sem er fær um að sinna öllum nemendum sínum, óháð stöðu þeirra. Grundvallarregla skóla án aðgreiningar er að öll börn eigi, hvar sem því verður við komið, að læra saman. Nám án aðgreiningar er virkasta leiðin til að efla samstöðu meðal barna með sérþarfir á sviði menntunar og skólafélaga þeirra (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2007). Fræðimenn telja að ná megi enn betri árangri ef byggt er á áhuga nemenda þegar verkefni eru valin eða þegar tekst að vekja áhuga þeirra og forvitni. Nemendum er einnig nauðsynlegt að hafa ákveðið frjálsræði m.a. til að auka sköpunargáfu og gagnrýna hugsun (Tomlinson, 2000).

Með einstaklingsmiðun er kennarinn að bregðast við þörfum hvers nemanda fyrir sig. Þarfir nemenda eru ólíkar og í einstaklingsmiðuðu námi metur kennarinn hvers nemandinn þarfnast og hvort hann fái nám við hæfi. Með einstaklingsmiðuðu námi er þörfum einstaklings eða lítils hóps mætt, ólíkt því þegar heildinni er kennt. Í stórum hópi eru alltaf einhverjir sem þurfa að hafa mikið fyrir því að komast í gegnum námsefnið, aðrir kunna það nánast áður en það er kennt og þurfa því lítið að leggja á sig. Með

einstaklingsmiðun er verið að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur án þess þó að kröfurnar minnki (Hafðís Guðjónsdóttir, 1994).

Það er margt sem styður einstaklingsmiðað nám. Til dæmis má nefna einstaklingsmiðað kennslurými sem gefur kost á sveigjanleika og möguleika fyrir nemanda til að vinna einn eða í hópi. Talsverð áhersla er lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi, að virkja áhuga þeirra og að þeir séu virkir þátttakendur. Einstaklingsmiðuð kennsla byggir á stöðugu mati á þörfum nemandans og minnir á að mat og kennsla eru nátengdir þættir (Ferguson, 2001).

Af framansögðu má ráða að kennsla er vandasamt starf. Þeim sem í skólunum starfa er gert að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur í þroska. Þetta á enn frekar við þar sem öll börn eiga rétt á skólagöngu í sínum hverfisskóla eins og lög kveða á um. Þar sem barnahópurinn verður sífellt fjölbreyttari að samsetningu er þörfin fyrir víðfeðma þekkingu nauðsynleg innan skólanna.

1.5.2 Snemmtæk íhlutun

Snemmtæk íhlutun er hugmyndafræði sem mikið er unnið eftir hér á landi. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vinnur eftir henni ásamt Leikskólum Reykjavíkur og fleirum (Tryggvi Sigurðsson, 2008). Þar sem snemmtæk íhlutun nær yfirleitt til barna á aldrinum 0-6 ára falla leikskólar í þann flokk en ekki grunnskólarnir. Það er margt sem getur valdið því að snemmtækrar íhlutunar sé þörf þar sem það er staðreynd að börn fæðast ekki með jafna möguleika. Lög eiga að stuðla að jafnri stöðu allra en ljóst er að möguleikar barna eru mismunandi. Snemmtæk íhlutun miðar að því að jafna stöðu ungra barna og fjölskyldna þannig að þeim vegni sem best þrátt fyrir þær hamlanir sem þeim eru settar. Stefnit er að því að innleiða hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar sem sjálfsagðan hlut hjá öllum þeim sem koma að þjónustu við börn og foreldra (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Segja má að fjórir þættir í sögunni hafi haft áhrif á tilurð hugmyndafræðinnar til að skapa jöfn skilyrði og gera hana mögulega. Þar er fyrst að nefna menntun ungra barna sem er tilkomin með því að leikskóli er orðinn almennur valkostur og í dag nýta flest börn sér þjónustu hans. Tilurð menntunar barna í þeirri mynd sem við þekkjum, má rekja til þess að sérfræðingar viðurkenndu að æskan væri ákveðið lífsskeið sem væri ólíkt þeim skeiðum sem síðar kæmu. Þar má nefna hugmyndir John Locke og Jean-Jaques Rousseau sem lögðu upp með hreinleika barnsins og bentu á áhrif umhverfis í því að móta þau. Það

er því óhætt að segja að þróun á þekkingu og þroska barna hafi haft mikil áhrif á tilurð snemmtækrar íhlutunar (Schaffer, 2002).

Auknar framfarir í heilbrigðisþjónustu hafa einnig sitt að segja. Með því að sinna betur verðandi mæðrum og með auknu aðhaldi í þjónustu við þær var hægt að hafa jákvæð áhrif á ungbarnadauða og lífsmöguleikar allra barna urðu meiri með bættri þjónustu.

Hverskonar sérkennsla og menntun fyrir börn með frávík og fatlanir hefur líka tekið afar miklum framförum. Langt fram á síðustu öld var þetta forboðin umræða og börnin voru hálfvalin fyrir samfélaginu. Síðan kom tímabil um miðja síðustu öld þar sem þessi börn voru skoðuð og rannsökuð og síðan lokuð inni á stofnunum (Guralnick, 2002).

Í kjölfarið tók við stefna sem sá um að greina og aðstoða og loksins undir lok síðustu aldar var farið að leggja áherslu á menntun og þátttöku í eðlilegu lífi. Í því fólst að hvetja og efla fjölskyldur barna með sérþarfir og auka möguleika þessara barna á því að eiga eðlilegt líf og verða samþykktir þjóðfélagsþegnar með sinn eigin ákvörðunarrétt. Síðast en ekki síst urðu miklar framfarir á hverskonar rannsóknum á börnum, aðbúnaði þeirra og umönnun. Mikil aukning hefur verið á þekkingu um heilastarfssemi ungra barna og hefur það haft mikið að segja um þróun snemmtækrar íhlutunar (Guralnick, 2002).

Hlutverk snemmtækrar íhlutunar er að stýra málefnum barns í ákveðinn farveg þegar grunur um frávík í þroska vaknar. Þá stendur foreldrum og fjölskyldu barnsins til boða aðstoð fagaðila sem hafa mikla þekkingu á þessu málefnum. Með þessari íhlutun er séð til þess að bæði börn og foreldrar fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á og þá aðstoð sem þau þarfnast. Þessari aðstoð og eftirfylgni er ætlað að auka möguleika fjölskyldunnar í heild og þó sér í lagi barnsins til þess að geta öðlast sem mestan þroska og innihaldsríkt líf. (Shonkoff, 2000).

Hugmyndin er sú að þessi íhlutun hefjist snemma í lífi barnsins til þess að árangurinn verði sem mestur. Á þessum fyrstu árum ævinnar er grunnurinn að framtíðinni lagður. Eftir því sem frávík barnsins eru alvarlegri er þörfin á inngripum greinilegri. Þar með eru meiri líkur á því að íhlutunin hefjist snemma. Með þeirri tækni sem til er í dag geta aðstæður verið þannig að íhlutunin hefjist á meðgöngu eða strax eftir fæðingu. Snemmtæk íhlutun getur einnig tekið til vandkvæða foreldra við að veita börnum sínum viðunandi lífsskilyrði og í þeim tilfellum getur íhlutunin einnig hafist mjög snemma (Shonkoff, 2000).

Hugtakið snemmtæk íhlutun kemur víða fyrir sem hugmyndafræði sem unnið er eftir hjá leiðandi stofnunum í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vinnur eftir þessari stefnu svo dæmi sé tekið (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, e.d). Ljóst er að til að geta nýtt þessa hugmyndafræði þarf starfsfólk að þekkja til hennar, þ.e.a.s. hvað hún felur í sér og þá sérhæfðu þekkingar sem hún útheimtir.

2. Réttindi barna með sérþarfir

Í þessum kafla verður fjallað um réttindi barna með sérþarfir. Fjallað verður um lög og reglugerðir ásamt opinberum útgáfum stjórnvalda í málefnum fatlaðra. Einnig er skilgreint hvað felst í sérþörfum barna sem fengist er við í þessari ritgerð til þess að stuðla megi að því að börn fái markvissa þjónustu. Þar sem við erum að skoða miðlun sérþekkingar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þeim sérþörfum sem til staðar eru og hvað felst í sérþekkingu á þeim.

2.1 Lög um málefni fatlaðra

Markmið með lögum um málefni fatlaðra sem tóku gildi þann 1. september 1992 er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna. Þannig skapar þetta andlega eða líkamlegum fötluðum sem þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum, skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Í þriðja kafla laganna, 7.gr. um almenna þjónustu segir:

Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum þessum. (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992).

Það má því segja að með þessu ákvæði sé einstaklingum með fötlun tryggður réttur fyrir utan þann rétt sem þeir eiga samkvæmt almennum lögum.

2.2 Stefnumörkun Félagsmálaráðuneytisins

Undir lok ársins 2006 gaf Félagsmálaráðuneytið út stefnumörkun í þjónustu við fötluð börn og fullorðna fyrir árin 2007-2016. Markmiðið var að sem fyrst myndu allir einstaklingar með fötlun njóta sambærilegra lífskjara og aðrir í þjóðfélaginu. Stefnt skal á að auka faglega þekkingu og hæfni starfsfólks auk þess sem bæta skal gæði þjónustunnar svo að hún samsvari bestu stöðlum í Evrópu. Einnig skal stefnt á að koma á fót samstarfi við önnur lönd um þróun þjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra til þess að upplýsingaflæði um framfarir og nýjungar sé tryggt (Félagsmálaráðuneytið, 2006).

Í stefnumörkuninni er talað um að þjónustan þurfi að verða meira einstaklingsmiðuð sem samræmist þeim áherslum er áður hefur verið fjallað um. Það þarf að setja á fót heildstæða og sveigjanlega þarfagreiningu barns og fjölskyldu. Þjónustu við fullorðið fólk með fötlun þarf að miða við einstaklingsbundnar þarfir svo að einstaklingur fái notið sín sem skyldi. Réttindagæslu þarf að efla og er hún eitt af lykilhugtökum í stefnumörkuninni. Hér verður athyglinni beint að málefnum barna og fjölskyldna þeirra (Félagsmálaráðuneytið, 2006).

Samkvæmt áætluninni átti biðtími eftir afskiptum af barni sem hefur þörf fyrir sértæka greiningu að vera styttri en 6 mánuðir í árslok 2008 og ekki lengri en þrjár mánuðir ef barnið er undir skólaskyldualdri. Á árunum 2008-2010 skal koma á fót fagteymum um allt land sem býr yfir færni til að greina hinar ýmsu þroskaraskanir. Frá árinu 2009 á þ.a.l. aðgangur að frumgreiningu að vera í boði í öllum landshlutum. Efla á starf skammtímavistana og þjónustu ásamt starfsemi stuðningsfjölskyldna á næstu þremur árum til þess að framboðið svari nokkurn veginn þeirri eftirspurn sem nú er til staðar. Tryggja á fötluðum börnum heilsdagsþjónustu eftir þörfum hvers og eins, hvort heldur sem um er að ræða eftir skóla eða á meðan skóla stendur. Félagsmálaráðuneytið vill leggja megináherslu á að þeir sem búa við fötlun eigi sama kost á stuðningi til þess að lifa sjálfstæðu lífi og njóta þeirra lífsgæða sem aðrir í samfélaginu telja ásættanleg. Þannig getur einstaklingur með fötlun orðið fullgildur þegn samfélagsins á eigin forsendum (Félagsmálaráðuneytið, 2006).

Í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra er lögð áhersla á mikilvægi þess að þjónustan sé sniðin að þörfum hvers og eins. Sú þjónusta fer þá fram í kjölfar þarfagreiningar. Mikilvægt er að sett sé fram einstaklingsmiðuð þjónustuáætlun sem síðan er endurskoðuð reglulega. Þar með má tryggja sveigjanleika og rétt barna til að alast upp hjá fjölskyldum sínum. Leggja á meira upp úr stuðningi við fjölskyldur til þess að tryggja að foreldrar geti verið þátttakendur á vinnumarkaði eða að þeir geti stundað nám og notið frístunda til jafns við aðra foreldra. Ábyrgðin skal hvíla hjá einum þjónustuaðila í heimabyggð fjölskyldunnar. Þegar röskun barns kemur í ljós er það á ábyrgð þjónustuaðilans að taka frumkvæði í samskiptum við fjölskylduna og kynna henni þá þjónustu og stuðning sem í boði er (Félagsmálaráðuneytið, 2006). Mikil vinna var lögð í þessa stefnumörkun og hún kynnst á opinberum vettvangi en fékk ekki samþykki á Alþingi. Það er því athyglisvert að sjá hvað verður um þessa ágætu stefnumörkun í því efnahagsástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu.

2.3 Börn með sérþarfir

Hér verður fjallað um sérþarfir barna í þremur mismunandi flokkum. Flokkarnir tengjast fjalla um þær algengustu sérþarfir og fatlanir barna í leikskólum í Reykjavík. Greint verður stuttlega frá þeim fötlunum og röskunum sem undir hvern flokk falla. Þriðji flokkurinn fjallar um börn af erlendum uppruna. Með skilgreindum fötlunum er átt við fatlanir sem falla undir greiningarviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, ICD-10 (World Health Organization, e.d.). Með hegðunar- og samskiptaröskunum er átt við raskanir sem ekki teljast til fötlunar. Í þriðja hlutanum er fjallað um börn af erlendum uppruna.

2.3.1 Börn með skilgreindar fatlanir

Börn með hverskonar skilgreindar fatlanir dvelja á leikskólum Reykjavíkur. Þegar barn hefur fengið fötlunargreiningu, annað hvort á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða frumgreiningu á viðeigandi stofnun kemur ákveðið sérkennslufjármagn inn á leikskólann með barninu. Mikilvægt er að markviss vinna sé stunduð með þessi börn. Þær fatlanir sem eru í miklum meirihluta eru heilalömun eða CP, þroskahömlun, einhverfurófsraskanir og heyrnarskerðing eða heyrnarleysi.

Einhverfa: Nýjustu rannsóknir segja til um að 1 af hverjum 150 einstaklingum séu með röskun á einhverfurófinu (Frith, 2008). Miðað við það eru 2000 Íslendingar á einhverfurófinu og er stór hluti þeirra ógreindur. Röskun á taugaþroska veldur einhverfu og birtist hún í truflunum í þremur þáttum. Máli og tjáskiptum er ábótavant, sérkennileg og áráttukennd hegðun er til staðar og erfiðleikar í félagslegum samskiptum. Oft er talað um einhverfuróf og er mikill breytileiki innan þess. Raskanir á einhverfurófi eru m.a. einhverfa, ódæmigerð einhverfa og Asperger heilkenni (Evald Sæmundsen, 2003).

Þroskahömlun: Þroskahömlun er frávik í vitsmunapróska en einnig þurfa að vera til staðar erfiðleikar í hegðun og félagsþroska barns. Hérlandis er talið að 1% barna í hverjum árgangi séu með þroskahömlun eða um 40 börn. Þroskahömlun orsakast af margvíslegum ástæðum s.s. litningagöllum, erfðagöllum, fæðingargöllum og fósturskaða. Þroskahömlun er oftast meðfædd en með markvissu starfi má draga úr áhrifum hennar á daglegt líf bæði barns og fjölskyldu þess (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Heyrnarskerðing/heytnarleysi: Heyrnarskerðing á sér oft stað á löngu tímabili. Í fyrstu hverfa umhverfshljóð og smám saman reynist erfiðara að greina talað mál. Talið er að um 10% íslensku þjóðarinnar sé heytnarskertur (Heyrnarskerðing, e.d.).

Hreyfihömlun: Algengasta hreyfihömlun meðal barna er heilalömun (CP). Þessi fötlun er margbreytileg og einkenni hennar mismunandi. Einnig geta alvarlegar viðbótarfatlanir fylgt þessari fötlun (Batshaw, 2002). Hugtakið hreyfihömlun nær yfir allan þann hóp einstaklinga sem búa við seinkaðan hreyfiþroska í einhverri mynd. Ástæða fyrir hreyfihömlun er skaði eða áfall sem hefur orðið á stjórnstöð hreyfinga í heila áður en heilinn nær fullum þroska (Miller, 1998).

2.3.2 Börn með samskipta- og hegðunarraskanir

Undanfarin ár hafa ýmiskonar hegðunar- og samskiptaraskanir verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni í tengslum við menntakerfið. Slík vandamál geta haft víðtæk áhrif á daglegt líf þeirra og lífsgæði þeirra og fjölskyldna þeirra. Það er því mikilvægt að veita þessum börnum þjálfun og þjónustu sem miðar að því að draga úr áhrifum röskunarinnar. Þekking fræðimanna og almennings hefur aukist til muna á undanförunum árum. Dæmi um hegðunar- og samskiptaraskanir eru eftirfarandi:

ADHD/AMO: Ofvirkni og athyglisbrestur. Þetta er algeng röskun á taugaþroska og er talið að allt að 3-5% mannfólks búi við röskunina. Þessar tölur má setja í annað samhengi, þ.e. að tveir nemendur í hverjum bekk séu með ADHD. Röskun sem þessi hefur áhrif á alla þætti daglegs lífs og andlegan, líkamlegan og félagslegan þroska. Höfuðeinkenni hennar eru léleg einbeiting, ofvirkni og mikil hvatvísi sem er ólík því sem tíðkast hjá jafnöldrum (American Psychiatric Association, 1994).

Mótþróaþrjóscuröskun: Hegðun barns sem einkennist af sífelldum mótþróa og almennri óþekkt út fyrir þau mörk sem teljast eðlileg. Börn með mótþróaþrjóscuröskun eru mjög neikvæð, gera þveröfugt við það sem þeim er sagt. Þetta gera öll börn upp að ákveðnu marki á ákveðnum tímum en erfitt getur reynst að greina þessa röskun (Ævar Þórólfsson, e.d.)

Þráhyggju- og árátturöskun: Stöðugar og endurteknar hugsanir sem standa yfir í meira en klukkustund daglega er megineinkenni þessarar röskunar. Það kemur einnig fram í síendurteknum athöfnum sem veldur barninu miklum kvíða og öðrum óþægindum þegar reynt er að stöðva það (Sigurbjörg Marteinsdóttir, e.d.).

Þunglyndi: Það er tiltölulega nýviðurkennt að börn geti þjást af þunglyndi. Oft geta þau starfað ágætlega í skipulögðum aðstæðum. Alvarlegt þunglyndi getur m.a. lýst sér í truflunum á félagslegum samskiptum og getur það komið niður á almennri umhirðu og minni virkni barnsins. Því er mikilvægt að taka einkenni þunglyndis hjá börnum alvarlega og grípa fljótt inn í þegar grunur vaknar (Umhuga, 2008).

Kvíðaraskanir: Kvíði verður að röskun þegar að kvíðinn er farinn að hafa hamlandi áhrif á andlega getu og valdið líkamlegum einkennum hjá börnum. Kvíðaraskanir eru oft auðveldar í meðhöndlun en inngríp fagaðila er nauðsynlegt. Með aukinni þekkingu er ljóst að kvíðaröskunar getur orðið vart hjá öllum börnum en ekki einungis þeim sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Algeng einkenni eru þreyta, eirðarleysi, svefntruflanir og almennur pittingur (Sigurbjörg Marteinsdóttir, e.d.).

Félagsfælni: Börn með félagsfælni eru fær um að mynda eðlileg tengsl við nána ættingja en eiga erfitt með öll samskipti utan þess ramma. Þetta getur leitt til tilfinningalegrar einangrunar og þunglyndis (Jakob Smári, e.d.).

2.3.3 Börn af erlendum uppruna

Á íslensku er yfirleitt ekki talað um fjölmenningu eina og sér heldur er málefnið sett í þrengra samhengi eins og t.d. fjölmenningarlegt samfélag eða fjölmenningarlegan skóla. Þá er yfirleitt verið að ræða um aðstæður þar sem fjöldi fólks með ólíka menningu (menntun, aldur, kyn, lífstíl, kynhneigð, trúarbrögð, hefðir, siði o. fl.) býr við jafnrétti. Í hverju samfélagi eru til mörg menningarbrott en ekki einungis menning þjóðarinnar. Það er mikilvægt að fjölbreytileiki mannlífsins sé sýnilegur í skólakerfinu og að námið miðist ekki eingöngu við einn tiltekinn hóp. Í þessu samhengi má velta fyrir sér valdastöðu ólíkra hópa, hvernig er fjallað um hópana (Hanna Ragnarsdóttir, 2007). Spurningar sem snerta grundvöll fjölmenningsamfélaga, s.s. ýmsir þættir í samfélagsgerð þeirra, líf, staða og reynsla einstaklingsins og hópsins, menntakerfi, skólastarf og skólaþróun auk stefnumörkunar og aðferða til að jafna stöðu einstaklinga og hópa stuðla að félagslegu jafnrétti í samfélaginu. Því má segja að þetta fræðasvið sé bæði framsækið og gagnrýnið og leitist við að byggja upp fræðilegan grunn fyrir þróun fjölmenningsamfélags (Hanna Ragnarsdóttir, 2007). Hjá þeim innflytjendum sem hingað til lands flytja og þurfa að tileinka sér íslenska tungu hefur uppruni, menning og trúarbrögð þeirra talsverð áhrif á það hversu vel og lengi þeir eru að ná tókum á málinu (Ingibjörg Hafstað, 1994).

3. Sérkennsla á Leikskólum Reykjavíkur

Í dag er mikil fjölbreytni innan þess barnahóps sem nýtir sér þjónustu leikskólanna. Börn með hverskonar frávik og sérþarfir dvelja nú á almennum leikskólum og nýta sér sérkennslu til þess að taka sem virkastan þátt í starfinu. Einnig stuðlar sérkennsla að frekari hæfni og þroska barnsins eftir fremsta megni. Hér verður fjallað um sérkennslu á leikskólum Reykjavíkur.

3.1 Sérkennsla

Sérkennsla á sér stað bæði í leik- og grunnskólum landsins. Sérkennsla getur verið af ýmsu tagi og fer bæði eftir þörfum einstaklingsins sem hennar nýtur og þess sem hana veitir. Sérkennsla er nauðsynleg til að stuðla að velferð þeirra barna sem í hlut eiga og til að styrkja þau þar sem þörf er á. Enda er það í lögum landsins að menntastofnanir okkar geti mætt ólíkum barnahópi sem býr við ólíkar þarfir og þar með mismunandi veik- og styrkleika (Reglugerð um sérkennslu, nr. 389/1996.) Sérkennsla er ætluð til að koma til þess að koma til móts við allan þann barnahóp sem stundar nám í leik- og grunnskólum landsins. Nemendur með sérþarfir eru breiður og ólíkur hópur eins og áður hefur komið fram. Þess vegna er mikilvægt að hver og einn fái tækifæri til einstaklingsmiðaðs náms og getur sérkennsla stuðlað að því. Sérkennsla býður upp á að hver og einn nemandi fái tækifæri á því að læra í samræmi við getu, þroska og hæfileika sína (Reglugerð um sérkennslu, nr. 389/1996).

Meginmarkmið með sérkennslu ætti að vera að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Þá skal taka mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings. Til að ná þessum markmiðum er leitast við að vinna með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Segja má að sérkennsla eigi að fullu leyti að styðja hugmyndafræði sem skóli án aðgreiningar boðar og mæta nemendum eftir þörfum hvers og eins (Reglugerð um sérkennslu, nr. 389/1996).

Það kemur fram í lögum um leikskóla að þeir skuli vera byggðir og reknir þannig að þeir geti sinnt börnum með sérþarfir. Það er því augljóst að þörf er fyrir mikla og breiða sérþekkingu. Fyrir börn sem þurfa á snemmtækri íhlutun að halda er nauðsynlegt að sérkennsla geti farið fram á leikskólum og að henni sé sinnt af velmenntuðu fagfólki. Þegar barn er búið að fá greiningu og ljóst er að um frávik í þroska er að ræða eru því úthlutaðir tímar í samræmi við gildandi reglur þar um. Samkvæmt Aðalnámskrá á að búa

til einstaklingsnámskrá fyrir barnið í samráði við foreldra. Endurmeta þarf einstaklingsnámskrána reglulega. Venjan er að hún sé endurmetin á 3-6 mánaða fresti. Sérkennslutímarnir eru ætlaðir til stuðnings fyrir barnið og til þess að vinna að þeim markmiðum sem birtast í einstaklingsnámskrána. Lögð er áhersla á að barnið sé fullgildur meðlimur innan leikskólans og að allir starfsmenn taki virkan þátt í námi þess (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Samfara því að leikskólinn hefur farið frá því að vera úrræði fyrir fáar fjölskyldur og yfir í það að vera valkostur sem nær allir foreldrar nýta sér hafa orðið miklar breytingar á hlutverki hans. Heiltæk skólastefna, sem hefur verið í brennidepli í skólakerfinu undanfarin ár, hefur einnig valdið því að á ákveðnum leikskólum hefur orðið til mikil sérþekking. Fjöldinn allur af börnum með ýmiskonar frávik sem hafa þörf fyrir mismunandi aðstoð eru nú í almennum leikskólum. Þessi sérþekking hefur í flestum tilvikum byggst upp eftir áralangt starf og með mikilli vinnu og tilkostnaði.

Nú þegar leikskóli er orðinn valkostur fyrir alla foreldra fatlaðra barna er mikilvægt að þessari þekkingu sé miðlað á milli leikskóla til þess að hvert barn fái bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni. Þroskaþjálfar eru nú starfandi í mörgum leikskólum auk sérkennara og leikskólakennara sem hafa sérkennslu í sínum höndum. Til þess að vel megi vera er það óskandi að þessar starfsstéttir sameini krafta sína og þekkingu svo að markmiðum heiltækrar skólastefnu sé náð.

3.2 Úthlutun sérkennslutíma

Hægt er að sækja um forgang að leikskólaplássum fyrir ákveðinn hóp barna. Þar á meðal eru hreyfihömluð börn, börn með alvarleg þroskafrávik, langveik börn eða þar sem fötlun er að finna í fjölskyldu barnsins. Börn sem búa við félagslega erfiðleika hafa einnig möguleika á forgangi inn á leikskóla Reykjavíkur. Til að fá forgang þarf að skila inn vottorði frá lækni eða félagsráðgjafa. Ef að börn þurfa á sérstökum stuðningi eða sérkennslu að halda samkvæmt viðurkenndum greiningaraðilum er það í höndum úthlutunarteymis á vegum leikskólasviðs að úthluta fjármagni til þess að veita viðbótarstuðning (Reykjavíkurborg, 2008).

Leikskólastjóri ásamt sérkennslustjóra á að sjá til þess að börn fái þá sérkennslu sem þau hafa þörf fyrir. Lögð er áhersla á mikilvægi foreldrastarfs ásamt samskiptum við sérkennsluráðgjafa og ýmsa sérfræðinga sem tengjast sérkennslumálum leikskólans. Það

er á ábyrgð þessara tveggja aðila að einstaklingsáætlun sé gerð og henni framfylgt og hún endurmetin reglulega. Einnig ber þeim skylda til að stuðla að því að barnið einangrist ekki heldur verði hluti af hópnum og skilji eftir sig spor í leikskólastarfinu eins og önnur börn (Reglugerð um sérkennslu, nr. 389/1996).

Stuðningstímum er úthlutað með tilliti til greiningar barns eða þarfa þess fyrir íhlutun. Úthlutunarkerfinu er skipt í þrjá flokka. Ákveðnu sérkennslufjármagni er veitt til leikskólans að undanskildum þessum sérstuðningi og eru þeir fjármunir ætlaðir til þjónustu við börn með vægari einkenni. Við úthlutun þarf að vera búið að framkvæma athugun á þroska barna en þegar niðurstöður þess liggja fyrir sem benda til fráviks sækir leikskólastjóri um úthlutun. Fjöldi barna með sérþarfir skiptist í eftirfarandi flokka (Reykjavíkurborg, 2008):

1. flokkur = 89 börn. Þau börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi s.s. fjölfötluð börn, börn með alvarlega þroskahömlun, hreyfihömlun, einhverf börn, blindu eða heyrnarleysi auk langveikra barna.

2. flokkur = 157 börn. Þau börn sem þurfa á reglulegri aðstoð að halda, s.s. börn með væga þroskahömlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu, málhömlun og einhverfurófsröskun.

3. flokkur = 48 börn. Þau börn sem þurfa aðstoð vegna hegðunar- og tilfinningarlegra erfiðleika, mál- og vitsmunapróskafrávik og erfiðar félags- og tilfinningalegar aðstæðna.

Hjá leikskólasviði starfar þrjú manna úthlutunarteymi sem úthlutar stuðningstímum í samræmi við reglur. Greiningarniðurstöður eru teknar inn í myndina en einnig skipta aðstæður barns máli. Metið er út frá fjórum þáttum, daglegri umönnunarpörf, félagslegum aðstæðum, hjálpartækjapörf og því hvort að barnið þurfi aðstoð við að tjá sig. Niðurstöður úthlutunarteymis eru svona sendar leikskólastjóra og viðkomandi þjónustumiðstöð en þær eru sex í Reykjavík (Reykjavíkurborg, 2008). Þessar reglur eru í gildi í Reykjavík en eru útfærðar með öðrum hætti annars staðar á landinu.

3.3 Hverjir veita sérkennslu

Þroskaþjálfar starfa á mörgum leikskólum og eru vel hæfir til að sinna sérkennslu. Á leikskólum þar sem breiður barnahópur er til staðar mætti ætla að þörf væri fyrir fjölbreyttan starfsmannahóp. Börn með sérþarfir þurfa í mörgum tilfellum á ákveðnum

stuðningi að halda og er misjafnt hvaða bakgrunn stuðningsaðilar þeirra hafa.

Leikskólakennarar búa yfir þekkingu á leikskólastarfinu og þroska barna. Þroskaþjálfar hafa aftur á móti þekkingu á sérþörfum sem stuðlar að gæðum þess stuðnings. En þar sem um er að ræða ómenntaðan starfsmann eða reynslulítinn getur sérkennslustjóri verið góður bakhjarl. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri bera ábyrgð á sérkennslu og þeir þurfa því að tryggja það að stuðningsfulltrúi fái greiðan aðgang að haldgóðri þekkingu til þess að geta þjónustað barnið. Í leikskólastarfi sem og á svo mörgum öðrum vettvangi er þverfagleg samvinna lykilatriði sérstaklega þegar kemur að þjónustu við börn með sérþarfir. Þessi atriði eru þó öll lykilatriði í snemmtækri íhlutun.

3.4 Uppbygging sérþekkingar á leikskólum

Sérþekking getur verið í ýmsu formi innan leikskólans. Í dag eru ýmis frávík orðin viðurkenndari en áður var. Því er mikilvægt að leikskólar hafi greiðan aðgang að hverskonar sérþekkingu til þess að mæta þörfum þeirra barna sem á þurfa að halda. Sú hefð virðist hafa skapast hérlendis að sérþekkingin safnist innan ákveðinna leikskóla og hefur Reykjavíkurborg séð sér hag í því að þeir leikskólar öðlist ráðgjafarhlutverk gagnvart öðrum skólum og er þess getið í Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntun ungra barna. Með þeim hætti má stuðla að bættri þjónustu og meira jafnrétti á meðal allra leikskólabarna. Með ráðgjöf er átt við miðlun upplýsinga til þeirra sem málið varðar.

Með því að öðlast ráðgjafarhlutverk tekst leikskólinn á við það verkefni að miðla upplýsingum til þeirra leikskóla sem eftir þeim óska. Ráðgjöfin stuðlar þannig að því að barnið fái betri þjónustu og að sumir leikskólar liggi ekki einir á ákveðinni þekkingu. Rétt úrræði og betri þjónusta skilar sér í vellíðan og stöðugri framför barnsins. Auk þess er starfsfólk þar með betur í stakk búið til þess að takast á við hin ýmsu frávík.

Reykjavíkurborg hefur stutt við ýmis þróunarverkefni undanfarin ár og í kjölfar þeirra hafa leikskólar fest sig í sessi sem sérþekkingarleikskólar. Helst ber þar að nefna svonefnda fjölmenningskóla þar sem er orðin hefð fyrir virkri fjölmenningsstefnu. Sí- og endurmenntun starfsfólks hefur aukið sérþekkingu og því er sjálfsagt að reyna að nýta þá þekkingu betur.

3.5 Fjölmenning á leikskóla

Sú menning sem er ríkjandi í því samfélagi sem við búum í mótast okkur í sífellu. Í dag er ekki möguleiki að alast upp í aðeins einum menningarheimi því samfélagið er orðið svo

fjölbreytt að fólk mun alltaf komast í snertingu við ólíka menningarheima á ákveðnu lífsskeiði. Menntun er órjúfanlegur hluti menningar. Menning mótar nám og námsframborð og mótast því menningin sjálf í fjölskyldum, skólastofnunum, samfélaginu og vinnustaðnum okkar. Viðhorf fræðimanna gagnvart menntun í fjölmenningsamfélögum eru misjöfn. Það viðhorf sem hefur orðið ofan á hér í íslensku samfélagi er það að skólakerfið aðlagi sig að auknum fjölbreytileika. Rökin fyrir því eru þau að ef skólastarf er eingöngu miðað við ákveðna nemendahópa ýtir það undir ójöfnuð meðal nemenda. Mikilvægt er að byggt sé á sameiginlegum gildum og að þau gildi séu kynnt í skólakerfinu. Það er ekki nóg að kynna þau og kenna heldur þarf einnig að koma þeim í framkvæmd (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

Í nútímasamfélagi er mikilvægt að leikskólar endurspegli margbreytileika samfélagsins. Fjölmenningarlegt leikskólastarf tekur mið af fjölbreytileikanum og allir hafa sínar eigin forsendur fyrir þátttöku. Þetta grundvallast á því að leikskólasamfélagið sé fordómalaust og byggist upp á virðingu fyrir öllum. Reyna þarf að vinna með þann menningarbakgrunn sem börnin eiga og stuðla að því að öll börn nái fótfestu í barnahópnum. Stefnt er að því að móta jákvæða sjálfsmynd allra barna þar sem styrkleikar þeirra og sérkenni fá að njóta sín. Með því geta börnin verið stolt af sjálfum sér, tungumálinu sínu og þeirri arfleidd sem þau eiga. Viðfangsefni barnanna þurfa að vera fjölbreytt og rík áhersla er lögð á vinnu með tungumál og ritmál (Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorláksdóttir, e.d.).

Leikskólaráð Reykjavíkur samþykkti árið 2001 fjölmenningsstefnu (Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir, Hildur Blöndal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Hulda Karen Daniélsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir, 2007). Með því að samþykkja þessa stefnu er verið að viðurkenna að taka þurfi tillit til þarfa foreldra og barna af erlendum uppruna og að leikskólinn spili þar stórt hlutverk. Í skýrslugerð í undirbúningsvinnu þessarar stefnumótunar kom í ljós að það voru aðallega samskipti við foreldra barna ef erlendum uppruna sem ollu vandkvæðum. Tungumálaörðugleikar og félagsleg einangrun spiluðu þar stóran þátt. Einnig þótti vanta upp á fræðslu fyrir starfsfólk til þess að takast á við þetta. Farið var í að útvega fræðsluefni og upplýsingar fyrir foreldra á mismunandi tungumálum og aðgangur að tulkajónustu var stórlega betrubættur. Í dag er ennþá talað um að það skorti á þekkingu starfsfólks leikskóla til þess að kenna íslensku sem annað mál. Hlutverk leikskólans hefur verið viðurkennt gagnvart einstaklingum af erlendum uppruna, hvort heldur sem er um að ræða foreldra eða börn. Fleira starfsfólk hefur aflað sér framhaldsmenntunar á þessu sviði og mikil vakning er í þessum málum. Endurgerð

fjölmenningarstefna var svo samþykkt árið 2006. Árið 2005 var þróunarsjóður leikskóla stækkaður og nú hafa farið af stað þróunarverkefni um fjölmenningu (Björk Helle Lassen og fl., 2007).

Haustið 2006 voru 640 börn á Leikskólum Reykjavíkur af erlendum uppruna. Hjá 385 barnanna var annað foreldrið íslenskt eða um 60%. Þjóðerni þeirra var afar misjafnt en hæsta hlutfallið meðal barna frá Filippseyjum eða 13,4%, frá Póllandi eða 8,1% og frá Tælandi 5%. Könnunin týndi til þá leikskóla þar sem voru sex börn eða fleiri af erlendum uppruna. Sex börn eða fleiri af erlendum uppruna voru í 69 leikskólum en Reykjavíkurborg rekur 78 leikskóla en auk þessa eru 17 sjálfstætt starfandi leikskólar (Börn af erlendum uppruna á leikskólum haustið 2006, e.d.). Fjölmenning er spennandi viðfangsefni og mikilvægt að vel sé staðið að málefnum nýbúa. Með því að byrja snemma og taka á málunum strax og barn af erlendum uppruna kemur í leikskóla er grunnurinn lagður að því að barnið aðlagist samfélaginu og eigi betri möguleika á því að standa jafnfætis jafnöldrum sínum. Einnig hefur það mikið að gera með vellíðan einstaklingsins í samfélaginu að hann upplifi sig sem hluta af heildinni. Sá fjölbreytti bakgrunnur sem þessi börn hafa býður líka upp á nýja reynslu og þekkingu til handa annarra barna og starfsfólks innan leikskólanna.

3.6 Ráðgjafarhlutverk leikskóla

Árið 2008 var gefin út stefna Reykjavíkurborgar varðandi menntunarstig leikskóla og má segja að stefnan sé nokkurskonar framtíðarsýn fyrir það starf sem fer þar fram. Áætlað er að samstarf foreldra og skóla verði mikið og flestar ákvarðanir um nám barnanna verði teknar í samráði við foreldra. Einstaklingsmiðað nám verður áberandi og stefnt er að því að útbúa einstaklingsnámskrá fyrir öll börn. Jákvæð sjálfsmynd ásamt góðri og andlegri líðan verður höfð í fyrirrúmi. Börnin eiga að geta dvalið á leikskólanum og liðið þar vel. Þar er sérstaklega tekið fram að andlegt og líkamlegt heilbrigði sé í hávegum haft. Sjálfstæði leikskólanna er tekið fyrir og skólanámskrá þeirra. Hver leikskóli skal vera sjálfstæður og hafa sína eigin námskrá og framtíðarsýn. Jafnræði er haft að leiðarljósi og fagmennska í starfi er mikilvæg (Menntamálaráðuneytið, 1997).

Af þessu má ljóst vera að mikil þörf hefur skapast innan hvers leikskóla fyrir fjölbreytta sérþekkingu. Því má ætla að þörf sé fyrir að fá yfirsýn yfir þá þekkingu sem fyrir hendi er. Þ.e.a.s. hvar hana er að finna og hvernig má deila henni þannig að fleiri njóti góðs af.

Ráðgjafarhlutverk leikskóla ætti að vera að veita öðrum leikskólum ráðgjöf og kennslufræðilegan stuðning. Það er þó ekki fjallað sérstaklega um ráðgjafarhlutverk leikskólanna í lögum og virðast þeir gera sér mismikið grein fyrir mikilvægi þess að miðla þekkingu sín á milli. Oft og tíðum koma þó utanaðkomandi sérfræðingar inn á leikskólana og veita ráðgjöf sem virkar vel en er oft veitt í litlum mæli.

4. Samantekt og niðurstöður úr I. hluta

Í nútímasamfélagi er fjölbreytileiki mannlífsins mikill. Mikilvægi þess að tekið sé tillit til einstaklingsins sama hvernig hann sker sig úr fjöldanum er öllum ljóst. Áhersla er lögð á að börn með sérþarfir sitji við sama borð og önnur börn þegar kemur að menntun og hverskonar þjónustu sem þeim stendur til boða. Með því að tryggja barninu þá þjónustu sem það á rétt á, hvað varðar aðstoð, þjálfun og tímaúthlutun er stuðlað að því að sem mestur árangur náist í þjálfun þess. Þar með verður barnið hæfari og sjálfstæðari þjóðfélagsþegn. Sérþarfir barna eru almennt viðurkenndar og miða að því að draga úr áhrifum hömlunar þeirra á lífsgæði.

Upplýsingaflæði um sérþekkingu er nauðsynlegt til þess að velferðarkerfi okkar haldi áfram að þróast til hins betra. Það er mikill sparnaður falinn í því að auka miðlun sérþekkingar. Orkusparnaður, tímasparnaður og ekki síst fjárhagslegur sparnaður. Með því verður þjónusta við börnin skilvirkari og þjálfun þeirra getur hafist fyrr. Með því eru meiri möguleikar á því að auka hæfni og getu barnanna til að efla lífsgæði þeirra. Í staðinn fyrir tvíverknað á mismunandi stöðum og þjónustustöðum stuðlar þetta að því að þekking verði samnýtt.

Nokkrir leikskólar í Reykjavík búa yfir sérþekkingu á ýmsum málefnum, svo sem sértækum fötunum, heyrnarleysi eða fjölmenningu og er hlutverk þeirra að miðla þessari þekkingu á markvissan hátt til að hagur barnanna sé tryggður.

Sú umfjöllun sem hér hefur fram er til þess ætluð að varpa ljósi á niðurstöður rannsóknar okkar á miðlun sérþekkingar á leikskólum Reykjavíkur. Við höfum reynt að varpa ljósi á þann jarðveg sem rannsóknarspurningar okkar hafa sprottið úr. Í því fjölbreytta samfélagi sem er við lýði innan leikskólanna er augljóslega þörf á margvíslegri þekkingu. Það er áhugavert að skoða hvernig því verður best við komið að byggja upp slíka þekkingu. Í framtíðarsýn Reykjavíkurborgar er talað um nauðsyn þess að þeirri sérþekkingu sem verður til sé miðlað á milli leikskólanna og einangrist ekki innan ákveðinna skóla. Tilgangurinn með vinnslu þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á stöðu þessarar miðlunar um þessar mundir. Einnig voru viðhorf stjórnenda könnuð gagnvart því að auka þessa miðlun.

Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á sérþekkingu sem er að finna innan leikskóla Reykjavíkur og miðlun hennar um þessar mundir, auk þess að kanna viðhorf stjórnenda gagnvart því að auka þessa miðlun.

Tilgangur rannsóknarinnar var því þríþættur:

- a) Að kanna hvort sérþekking sé til staðar innan leikskóla
- b) Að kanna hvort leikskólar miðli slíkri sérþekkingu til annarra leikskóla
- c) Að kanna hvort áhugi sé fyrir aukinni miðlun sérþekkingar og hvernig megi þá háttta þeirri miðlun.

Í kjölfarið á svörun við spurningalista (viðauki A) voru tekin hálfopin viðtöl (viðauki B) við fjórar þátttakendur. Var það gert til að dýpka skilning á málefninu og til að geta fjallað um það á ítarlegri hátt.

II. Hluti: Rannsóknin

5. Aðferðafræði og framkvæmd

Rannsóknin er unnin bæði samkvæmt meginlegri og eigindlegri aðferðafræði. Meginlegar rannsóknir felast í því að mæla og meta viðfangsefni í tölum. Þegar athuga á hlutföll innan ákveðins hóps er þetta hentug leið. Það má til dæmis gera með spurningalistum þar sem allir þátttakendur svara sömu spurningum (McMillan, 2004). Úrtakið í þessari rannsókn var lítið, aðeins 7 leikskólar. Lýsandi tölfræði var notuð við úrvinnslu á spurningalistunum. Við slógum niðurstöðurnar inn í Excel tölvuforritið og unnum með þær þar.

Til að fá fyllri mynd af viðfangsefninu fylgdum við spurningalistunum eftir með viðtölum við valda þátttakendur. Að afla rannsóknargagna með viðtölum er aðferð innan eigindlegar aðferðarfræði en í eigindlegum rannsóknum er leitast við að skilja þá merkingu sem fólk leggur í líf sitt og aðstæður. Eigindlegar rannsóknir eru framkvæmdar í eðlilegu umhverfi viðmælenda. Þær felast meðal annars í viðtölum, þátttökuathugunum eða greiningu á gögnum og ýmiskonar heimildum. Sá sem framkvæmir eigindlega rannsókn fær upplýsingar beint frá þátttakendum. Þegar viðtal er það sem kallað er hálfopið þá stjórnar þátttakandi flæði viðtalsins innan ákveðins ramma sem fyrirfram ákveðnar spurningar afmarka (McMillan, 2004).

Við hljóðrituðum öll viðtölin með leyfi viðmælendanna. Við hlustuðum á þau eftir og tókum saman það sem sameiginlegt var og átti erindi í þetta verkefni.

Eins og áður sagði var rannsóknin framkvæmd í tveimur hlutum. Í fyrsta hluta var spurningalisti (sjá viðauka A) sendur í pósti til allra sjö leikskólanna ásamt bréfi þar sem óskað var eftir þátttöku (viðauki C). Eftir fjórar vikur var haft samband við þá leikskóla sem ekki höfðu svarað og boðin fram hjálp við útfyllingu auk þess voru boðin fram aðstoð við að svara spurningum sem gætu hafa vaknað.

Í hluta tvö var haft samband við fjóra leikskóla og óskað eftir viðtali (viðauki D) við leikskólastjóra eða sérkennslustjóra. Viðtalið var hálfopið og fór fram á viðkomandi leikskóla. Rannsóknin var skráð hjá Persónuvernd en ekki reyndist þörf á sérstöku leyfi

frá þeim þar sem viðfangsefnið var ekki persónubundið, hvorki fyrir viðmælendur eða skjólstæðinga þeirra.

Spurningalistinn sem fyrst var sendur samanstóð af opnum og lokuðum spurningum (viðauki A) og viðtölin voru hálfopin sem þýðir að gerður var viðtalsrammi sem stuðst var við í viðtalinu (viðauki B).

Spurningalistinn var skipulagður í þremur hlutum. Fyrsti hluti innihélt spurningar um ýmsar bakgrunnsbreytur eins og fjölda starfsmanna og barna, fjölda starfsmanna í ákveðnum starfsstéttum, ásamt fleiri spurningum. Í hluta tvö var spurt um sérþekkingu innan leikskólans varðandi börn með sérþarfir, í hverju hún fælist og hvernig sú sérþekking varð til. Í þriðja og seinasta hluta spurningalistans var spurt um miðlun sérþekkingarinnar og áhuga viðkomandi leikskóla á að stuðla að slíkri miðlun.

Viðtölin voru m.a. byggð á upplýsingum sem fram komu í opnu viðtali sem tekið var við Elísabetu Pálmadóttur, verkefnastjóra í sérkennslumálum Reykjavíkurborgar. Viðtölin voru hálfopin og voru ætluð til að dýpka skilning á efninu.

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna og lýsa stöðu þekkingar á sérþörfum barna innan leikskóla í Reykjavík og kanna hvernig miðlun þessarar þekkingar er háttað og hvaða framtíðarmöguleikum á slíkri miðlun.

5.2 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru sjö leikskólar sem valdir voru eftir ábendingum frá Leikskólasviði Reykjavíkurborgar um leikskóla í Reykjavík sem teljast búa yfir sérþekkingu. Af þessum sjö leikskólum svöruðu sex (85,7%). Tafla 1 sýnir fjölda barna og starfsmanna á hverjum leikskóla og hlutfall faglærðs og ófaglærðs starfsfólks.

Tafla 1. Fjöldi barna og starfsmanna á hverjum leikskóla.

Leikskóli	Börn	Starfsmenn	Faglært starfsfólk með börnum		Ófaglært starfsfólk með börnum		Annað starfsfólk	
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
A	79	35	14	40,0 %	16	45,7 %	5	14,3 %
B	35	10	5	50,0 %	4	40,0 %	1	10,0 %
C	53	13	7	53,8 %	3	23,1 %	3	23,1 %
D	50	16	6	37,5 %	5	31,3 %	5	31,3 %
E	74	31	17	54,8 %	7	22,6 %	7	22,6 %
F	60	14	6	42,9 %	4	28,6 %	4	28,6 %

Af þeim sex sem svöruðu spurningalistanum voru fjórir leikskólar valdir fyrir viðtöl. Við völdum þá m.t.t. þeirra sérþekkingar sem þeir bjuggu yfir. Tveir fjölmenningarleikskólar voru valdir vegna ólíkrar staðsetningar en hinir tveir vegna augljósrar sérstöðu sinnar.

5.3 Samantekt úr 5. kafla

Hér hefur verið fjallað um meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir en við notuðum þær báðar í rannsókn okkar. Við höfum fjallað um þátttakendur rannsóknarinnar og nokkrar bakgrunnsbreytur úr spurningalistanum. Einnig lýsum við hvernig framkvæmd rannsóknarinnar fór fram og hvernig úrvinnsla var háttað. Þetta er ákveðinn grunnur fyrir niðurstöður rannsóknarinnar sem fylgja hér á eftir.

6. Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Kaflinn hefst á stuttri umfjöllun um þá leikskóla sem valdir voru fyrir viðtöl, á eftir koma svo niðurstöður úr spurningalistunum. Niðurstöðurnar eru settar upp í þrjú kafla í samræmi við uppbyggingu spurningalistans. Við tókum viðtal við Elísabetu Pálmadóttur sem er verkefnastjóri í sérkennslumálum Reykjavíkur. Okkur fannst það mjög áhugavert viðtal og hún gaf okkur nýtt sjónarhorn á þessi mál. Við nýttum okkur þetta viðtal til þess að byggja önnur viðtöl á. Það var mikilvægt að fá sjónarhorn hennar fram og þar með sjónarhorn leikskólasviðs á stöðuna í dag og það sem er í burðarliðnum.

6.1 Kynning á leikskólunum

Leikskóli A býr yfir mikilli sérþekkingu. Hann hefur verið starfræktur í mörg ár og er því rötgróinn leikskóli. Leikskóli A hefur frá upphafi sinnt börnum með skilgreindar fatlanir. Mikið hefur breyst í málefnum fatlaðra síðan að leikskólinn tók til starfa og nú þykir það sjálfsagt að öll börn taki þátt í almennu leikskólastarfi. Leikskóli A vinnur eftir hugmyndafræði heiltækrar skólastefnu og notast við fjölbreyttar aðferðir til að sinna breiðum barnahópi.

Leikskóli B býr yfir sérþekkingu á fjölmenningu. Staðsetning hans og vinnsla þróunarverkefnis hefur stuðlað að tilurð þessarar þekkingar. Hugmyndir John Dewey liggja til grundvallar starfsins. Mikil áhersla er lögð á opin efnivið og að börnin séu virk í eigin þroska.

Leikskóli C býr yfir sérþekkingu á fjölmenningu og er í miðbæ borgarinnar. Þekkingin hefur skapast bæði vegna staðsetningar og vegna vinnslu þróunarverkefnis. Leikskólinn leggur mesta áherslu á myndlist auk fjölmenningarlegs starfs ásamt að reyna að byggja upp góða félagsfærni.

Leikskóli D býr yfir sérþekkingu á fjölmenningu og starfar í úthverfi borgarinnar. Þekkingin hefur myndast vegna þess hóps sem hann sækir og þátttöku hans í þróunarverkefnum. Unnið er eftir hugmyndum Dewey um að virkja skuli barnið í eigin þroska og vekja áhuga þess á viðeigandi verkefnum. Einnig er vitsmunaprósakennning Piaget höfð að leiðarljósi þar sem barnið lærir af samspili sínu við umhverfið og skal það


gerast í fjölmenningslegu samfélagi þar sem umburðarlyndi og virðing er lögð til grundvallar.

Leikskóli E hefur sérþekkingu í málefnum heyrnarskertra og heyrnarlausra barna. Unnið er eftir heiltækri skólastefnu og stefnt er að því að veita bæði fötluðum og ófötluðum börnum skólavist. Skólinn hefur unnið að þróunarverkefnum í tengslum við sérvið sitt.

Leikskóli F er staðsettur í miðbæ Reykjavíkur og er fjölmenningslegur leikskóli. Þar er unnið eftir hugmyndafræði Dewey en hann taldi að það væri í eðli barna að vera virk og það þyrfti að virkja athafna- og áhugaþörf barnanna. Umhverfismennt er einnig veigamikill þáttur í starfi skólans.

6.2 Almennt um leikskólana:

Hlutfall fagstétta innan leikskólanna var kannað. Mynd 1 sýnir að stærsti hópur starfsmanna er með aðra menntun en þá uppeldisfræðimenntun sem gefinn var kostur á að velja. Fjöldi leikskólakennara var þó nær jafn hár og fjöldi þeirra höfðu aðra eða enga menntun. Aðeins níu þroskaþjálfar eru starfandi á þessum sex leikskólum og við nánari greiningu kom í ljós að þeir voru allir starfandi á tveimur af sex leikskólunum.



Mynd 1. Menntun starfsmanna.

Stjórnendur leikskólanna voru spurðir hvort þar væri með beinum eða óbeinum hætti stuðlað að menntun, endurmenntun eða símenntun starfsmanna og töldu allir leikskólarnir

sig gera það. Þeir voru einnig beðnir um að velja með hvaða hætti þeir stuðluðu að slíku. Allir stjórnendurnir telja sig stuðla að slíku með námskeiðahaldi og hvatningu starfsmanna, allir nema einn telja sig gera slíkt með því að kynna vel möguleika til símenntunar og helmingur þeirra telja sig stuðla að sí/endumenntun starfsmanna sinna með styrkjum. Á einum leikskóla telja stjórnendur sig gera slíkt með því að fylgja námskeiðahaldi eftir.

Það kom þó fram í viðtölunum að framboð á námskeiðum og öðrum símenntunarmöguleikum mætti vera meira en yfirleitt er mikið um það sama í boði og áhersla lögð á sömu fötlunina. Allir viðmælendur töldu mikilvægt að vera með fjölbreyttan starfsmannahóp til þess að fá sem breiðasta þekkingu inn á staðinn. Með fjölbreyttum hópi væri starfsfólk betur í stakk búið til þess að mæta þörfum fjölbreytts barnahóps. Einn viðmælandi okkar komst svo að orði um fjölbreytileika starfsmannahóps síns:

Þekkingin er svo breiður grundvöllur ... það kemur svo mikil þekking, breiðari sýn á bara lífið allt líka. Maður fer að hugsa við erum öll með einhverja menningu, ég er að norðan, þú ert sjóaradóttir og ýmislegt svona ... það er ekki eins og við séum menningarsnaud.

6.3 Almennt um sérþekkingu

Stjórnendur leikskólanna voru spurðir hvort þeir teldu sína leikskóla búa yfir ákveðinni sérþekkingu á sviði sérkennslu og ef svo væri, í hverjum sú sérþekking væri falin. Allir sex leikskólarnir teljast búa yfir slíkri þekkingu og tafla 2 sýnir hvernig sú sérþekking dreifist.

Tafla 2. Sérþekking leikskólanna

	Hreyfihömlun	Einhverfa	Proskahömlun	Hegðunarvandamál	Fjölmennig	Annað
Leikskóli A	X	X	X	X	X	
Leikskóli B				X	X	
Leikskóli C	X	X	X	X	X	X
Leikskóli D					X	
Leikskóli E	X	X	X	X	X	X
Leikskóli F		X	X	X	X	X


Tafla 2 sýnir að sérþekking á sérkennslu dreifist töluvert á milli leikskóla en helmingur þeirra (A, C og E) telja sig búa yfir þekkingu á öllum sviðum sem mögulegt var að velja.

Af töflu 2 má einnig sjá að allir sérþekkingarflokkarnir voru valdir að minnsta kosti þrisvar sinnum. Einn leikskólanna valdi möguleikann „annað“ og telur hann sig búa yfir sérþekkingu til að sinna börnum með heyrnarleysi og heyrnarskerðingu. Aðspurðir sögðu stjórnendur fimm af sex leikskólum telja sérþekkingu sína mjög mikla og einn stjórnandi telur hana mikla. Allir telja sérþekkingu sína vera tilkomna með samvinnu við fagfólk utan leikskólans og með sí- og endurmenntun starfsfólks. Stjórnendur fimm af sex leikskólum telja sérþekkinguna vera tilkomna með því að hafa börn með sérþarfir á leikskólanum og með vinnslu þróunarverkefna en enginn taldi slíka þekkingu vera tilkomna af tilviljun. Einnig var tekið fram að stefna og starfsgrundvöllur viðkomandi leikskóla auk fagþekkingar starfsfólks, með námi í KHÍ og þátttöku í verkefnum tengdum sérþekkingu, hafi stuðlað að sérþekkingu innan leikskólans. Allir leikskólarnir hafa tekið þátt í þróunarverkefnum og allir nema einn hafa fengið styrki til að byggja upp eða viðhalda sérþekkingu innan leikskólans. Öllum viðmælendum okkar bar saman um það að reynslan hafi að miklu leyti mótað tilurð þeirrar þekkingar sem er til staðar í dag. Það kom fram í flestum viðtalanna að oft kæmu inn starfsmenn með reynslu sem síðan tækju þá reynslu með sér. Allir skilja eitthvað eftir sig en í mismiklum mæli og því miður er það svo að reynslan er oft bundin í starfsfólki. Þeim bar þ.a.l. saman um að það væri mikilvægt að reyna að haga því svo að reynslan yrði eftir á leikskólanum eftir að ákveðið starfsfólk færi þaðan. Einn viðmælenda okkar sagði eftirfarandi um muninn á kunnáttu og sérþekkingu:

Við erum alls ekki með mikla sérþekkingu. Okkar sérþekking miðast við fjölmenningu en við höfum engu að síður kunnáttu á fjölmörgum sviðum. En við erum engir sérfræðingar í einhverfu t.d. þó við höfum verið með einhverf börn hjá okkur.

6.4 Miðlun sérþekkingar

Stjórnendur voru spurðir hvort þeir miðli sérþekkingu sinni markvisst til annarra leikskóla í dag. Fjórir stjórnendur af sex telja sig vera með markvissa miðlun upplýsinga í gangi í starfi sínu á meðan tveir þeirra telja svo ekki vera. Engu að síður telja eingöngu tveir af þátttakendum skóla sína hafa skilgreint ráðgjafahlutverk gagnvart öðrum leikskólum. Í kjölfarið var spurt hvernig sérþekkingunni væri miðlað í dag.



Mynd 2. Miðlun sérþekkingar um þessar mundir.

Eins og sést á mynd 2 telja fimm af leikskólunum sig miðla sérþekkingu sinni til annarra leikskóla með því að deila gögnum. Enginn miðlar sérþekkingu sinni með skiptikennslu og þrír leikskólar tóku fram að þeir deila sérþekkingu sinni með fyrirlestrum og með heimsóknum inn- og erlendra gesta. Leikskólarnir voru spurðir hvers vegna þeir deildu sérþekkingu sinni og töldu fimm leikskólanna sig gera það vegna eftirspurnar en enginn vegna skilgreinds ráðgjafahlutverks. Þrír leikskólar telja sig gera það vegna þeirra skoðunar að þekking eigi að vera öllum aðgengileg, áhugahvetjandi og þörf í samfélaginu. Fimm af leikskólunum miðla einnig þekkingu til foreldra.


Í viðtölunum var þó sýnt fram á fæstir leikskólanna eru að miðla sérþekkingu sinni með markvissum hætti en aftur á móti eru þeir allir reiðubúnir til þess að svara beiðnum sem þeim berast. Það hefur komið fyrir að stjórnendur haldi einhverskonar erindi og kynni þekkingu sína en slíkar beiðnir hafa fyrst og fremst komið frá þeim aðilum sem hafa þörf fyrir fræðsluna. Einn þátttakandi taldi sig þó hafa skuldbundið sig til þess að miðla þeirri reynslu áfram þar sem hann tók við styrkjum til vinnslu þróunarverkefnis. Tveir viðmælendur telja sig þó stunda markvissa miðlun og hafa t.d. verið með fyrirlestra á námskeiðum.

Aðspurðir hvort stjórnendur leikskólans væru meðvitaðir um framtíðarsýn Reykjavíkurborgar varðandi málefni leikskólanna svöruðu fimm þeirra að svo væri og einn sagði svo vera að einhverju leyti. Einnig var spurt hvort stjórnendur og starfsmenn leikskólans væru meðvitaðir um hlutverk sitt í tengslum við ráðgjöf til annarra leikskóla og töldu fjórir leikskólar svo vera og einn taldi svo vera að einhverju leyti. Fjórir þátttakendur svöruðu því játandi að Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hafi gert kröfu um miðlun sérþekkingar en tveir sögðu svo ekki vera.

Einn viðmælenda komst vel að orði þegar hann var inntur eftir álitinu á miðlun sérþekkingar.


Mér finnst þetta alveg ótrúlegt, þetta myndi aldrei, aldrei nokkurn tímann viðgangast í einhverju einkafyrirtæki að fólk væri bara að gera sitt hérna og hérna og hérna. Svo eru allir þessir leikskólar að gera rosalega flott og halda því fyrir sig. Hvernig getur Reykjavíkurborg og leikskólasvið samþykkt þetta? Það finnst mér svolítið skrítið. Ef maður er að gera góða hluti, þá eiga þeir auðvitað að fara út um allt.

Leikskólarnir voru spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að miðla sérþekkingu sinni enn frekar og ef svo væri, hver væri ástæða þess. Fimm af leikskólunum hafa áhuga á að miðla sérþekkingu sinni enn frekar og mynd 3 sýnir hvaða ástæður liggja þar að baki. Hægt var að velja fleiri en eina ástæðu auk þess sem tveir þátttakendur tiltóku að ástæðan væri sú að þeir vildu koma þekkingu sem skapast hefur til annarra og einnig að efla þjónustu annarra leikskóla.



Mynd 3. Ástæður fyrir áhuga á frekari miðlun sérþekkingar.


Leikskólarnir voru einnig spurðir með hvaða hætti þeir hefðu áhuga á að miðla þekkingu sinni enn frekar. Mynd 4 sýnir á hvaða hátt þeir leikskólar sem hafa áhuga á að miðla sérþekkingu sinni enn frekar óska að gera það. Í viðtölunum reyndist leikskólunum svo almennt hugnast vel hugmyndin um gagnabanka. Þá væru þeir bæði tilbúnir til þess að leggja sitt að mörkum og eins að nýta sér þessa þjónustu.



Mynd 4. Hvernig er óskað eftir að miðla sérþekkingu enn frekar.

Af þeim sex leikskólum sem svöruðu telja fjórir þeirra að sérþekking þeirra hafi áhrif á val foreldra á leikskólum og tveir telja svo vera í sumum tilfellum. Fimm þeirra telja sérþekkingu sína skila sér til allra barna á leikskólanum, ekki eingöngu þeirra barna sem sérþekkingin nær til.

Í viðtölunum kom fram að leikskólarnir nýta sér ýmsar aðferðir sem hugsaðar eru fyrst og fremst fyrir börn með sérþarfir. Þessar aðferðir hafa verið fléttaðar inn í daglegt starf og nýtast þar með öllum barnahópum. Stjórnendur eru sannfærðir um að öll börn græði á þessum fjölbreytta barnahópi og öðlist með því aukna víðsýni og umburðarlyndi. Einn viðmælenda sagði svo: „Við höfum gengið út frá því að það sem er gott fyrir fötluð börn nýtist öllum börnum.“ Sem dæmi um þessar aðferðir má nefna tákni með tali og að nota sjónrænar vísbendingar t.d. um dagskipulag og annað slíkt.



Mynd 5. Umsjón með eftirfylgni á sérþekkingu.

Mynd 5 sýnir hvernig eftirfylgni á sérþekkingu hjá leikskólum er háttað. Hjá flestum leikskólanna eru fleiri en einn aðili eða stofnun sem sinnir slíkri eftirfylgni. Einn þáttakandi tók fram að engin sérstök eftirfylgni færi fram hjá þeim.

6.5 Viðtöl

Tveir leikskólanna hafa barist fyrir því að fá viðurkenningu á sérþekkingu sinni sem nokkurs konar „móðurleikskóli.“ Hjá starfsmanni Leikskólasviðs kom fram að það stendur til að viðurkenna sérstöðu skóla svo að miðlun sérþekkingar þeirra verði hluti af því starfi sem þar fer fram. Á einum stað kom fram að þar sem þetta er ekki skilgreint hlutverk hans nú þegar hefur hann orðið að neita beiðnum um fræðslu sem honum hafa borist. Frumskylda leikskólans er við þau börn sem hann sækja en ekki við utanaðkomandi aðila.

Allir leikskólarnir voru sammála um það að börn væru fyrst og fremst börn sem öll hafa sömu grunnþarfir. Börn eru ólíkir einstaklingar að gerð og geta því ofan á þessar grunnþarfir haft sínar eigin sérþarfir sem taka þarf tillit til. Leikskólarnir hafa það að leiðarljósi að öllum einstaklingum sé mætt þar sem þeir eru staddir í þroska og getu og að þeir fái tækifæri til að nýta hæfileika sína. Mismunandi aðbúnaður leikskólanna gerir það þó að verkum að þeir eru ekki endilega í stakk búnir til að taka á móti börnum með hverskonar sérþarfir. Einn leikskólinn er í húsnæði sem er sérstaklega hannað með

hreyfihamlaða í huga á meðan annar er engan veginn tilbúinn til að taka í móti hreyfihömluðum.

Foreldrasamstarf getur oft og tíðum verið flókið en þá er nauðsynlegt að sýna umburðarlyndi, þolinmæði og skilning á ólíkum bakgrunni fólks. Það sést best á því sem við heyrðum í einu viðtalanna: „Mér finnst þetta eiginlega erfiðasta verkefnið, þetta fullorðna fólk. En það hefur nú tekist vel.“

Foreldrasamstarf er veigamikill þáttur í starfi allra leikskólanna. Allir voru sammála um að barninu væri best sinnt með því að gott upplýsingaflæði og samstarf ætti sér stað á milli heimilis og skóla. Í fjölmennningarlegu umhverfi getur þetta reynst flókið þar sem viðhorfið gagnvart fötlun er ólíkt eftir menningarheimum.

Viðhorf til fatlaðra er mjög ólíkt eftir menningu ... það getur verið mjög sjokkerandi að lenda í því að vera að fá greiningu á barn sem er alvarlega fatlað, t.d. með einhverfu. Menningarheimur foreldra nær þá kannski ekki yfir þetta hugtak og þess vegna verður maður að vera svo menningarlæs.

Mikil þekking er einnig til staðar á þessum leikskólum sem við skoðuðum en á sama tíma eru aðrir leikskólar að byrja frá grunni á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram á þessum leikskólum.

Það er mikill sparnaður falinn í því að miðlun sérþekkingar verði aukin. Tímasparnaður, orkusparnaður og jafnvel fjármagnssparnaður. Með því verður þjónusta við börnin bætt og þjálfun þeirra getur hafist fyrr og því eru meiri möguleikar fyrir hendi á því að skila hæfari einstaklingum út í grunnskólana.

III. Hluti: Umræða

7. Umræða

Við lögðum upp með þríþættan tilgang.

- a) Að kanna hvort sérþekking sé til staðar innan leikskóla.
- b) Að kanna hvort leikskólar miðli slíkri sérþekkingu til annarra leikskóla.
- c) Að kanna hvort áhugi sé fyrir aukinni miðlun sérþekkingar og hvernig megi þá háttá þeirri miðlun.

Á því ferðalagi sem við höfum verið á við vinnslu þessa verkefnis varð margt á vegi okkar sem vakti áhuga, undrun og fróðleiksfýsn. Við hefjum umræður á því að segja frá niðurstöðum okkar og hefjum almenna umræðu að því loknu.

Í fyrsta lagi var ætlunin að kanna hvort sérþekking væri til staðar innan leikskólanna. Við vildum athuga hvort að hugmyndir okkar ættu við rök að styðjast og sú varð raunin. Niðurstöður rannsóknar okkar sýna að mikil þekking er til staðar á flestum þessum stöðum á mörgum flokkum sérþarfa. Sérþekking er vissulega til staðar á ákveðnum flokkum en sú þekking hefur fyrst og fremst skapast vegna hefðar og reynslu sem hefur skapast á leikskólunum.

Okkur undraði að hugtakið sérþekking væri töluvert í lausu lofti og því erfitt að svara þessari spurningu svo vel. Í framtíðarsýn Reykjavíkurborgar er talað um að sérþekkingu þurfi að miðla. Hvað felst í orðinu sérþekking? Engin skilgreining reyndist vera til um það og því stjórnendum leikskóla í sjálfsvald sett hvað þeir kjósa að túlka sem sérþekkingu. Þar sem sérþekking er hugtak sem leikskólasvið notar í sínu starfi áttum við von á því að hugtakið væri betur skilgreint. Það kom því á óvart að það var misjafnt hvernig leikskólar mátu sérþekkingu sína og hvaða merking var lögð í orðið sérþekking. Við báðum um að þeir merktu við í töflu í hverju sérþekking þeirra væri falin. Í viðtölunum kom síðan í ljós að ekki lá endilega sérþekking á bakvið svarið sem þeir gáfu. Hjá leikskólasviði kom í ljós að þessi skilgreining er ekki til og var því vel tekið þegar við bentum á að hennar væri svo sannarlega þörf. Leikskólunum er því í sjálfsvald sett að skilgreina sérþekkingu sína sjálfir og er ekkert samræmi á milli þessarar skilgreiningar á milli leikskóla. Til dæmis

töldu allir leikskólanna sig hafa sérþekkingu á fjölmeningu og við getum ekki séð annað en að þar sé verið að vanmeta þá þekkingu sem þörf er á.

Börn af erlendum uppruna eru á langflestum leikskólum Reykjavíkur ef ekki öllum en þar sem hlutfall erlendra barna er jafnt eða jafnvel hærra en annarra barna gefur auga leið að mikil þörf er á sérþekkingu. Það er því mikil þörf á því að skilgreina opinberlega þetta hugtak og hvar mörkin á milli kunnáttu og sérþekkingar liggja. Við drögum ekki í efa að þeir leikskólar sem við ræddum við hafi kunnáttu á þeim málaflokkum sem í boði voru. Aftur á móti setjum við stórt spurningamerki við sérþekkinguna. Við teljum að með því að skilgreina hugtakið frá Leikskólasviði sé stórt skref stigið í átt að því að fylgja framtíðarsýninni eftir og skipa leikskóla í ráðgjafarstöður.

Það er þó mikilvægt að viðurkenning á sérþekkingu leikskólanna verði nákvæm, þar sem leikskólarnir telja sig hafa mun víðari sérþekkingu en raun bar vitni um. Viðtölin vörpuðu ljósi á það á mörgum stöðum en ekki var gerður greinarmunur á kunnáttu annars vegar og sérþekkingu hinsvegar. Í dag hafa engir leikskólar viðurkennt hlutverk sem sérþekkingarskóli og því liggur í raun hvorki skylda né ábyrgð á því að miðla þeirri þekkingu sem leikskólinn hefur öðlast. Nú þegar leikskólasvið er með stefnumótunarvinnu í gangi varðandi sérkennslumál er áhugavert að fylgjast með hvernig málin þróast. Þrátt fyrir að skólarnir hafi ekki skilgreint hlutverk var gott að sjá hvernig vilji og samstaða einkenndi viðhorf stjórnenda. Þó að miðlun sérþekkingar sé nauðsynleg og vissulega af hinu góða er ekki hægt að ætlast til þess að þetta hlutverk komi niður á þeirri þjónustu sem leikskólinn veitir þeim börnum sem þar dveljast. Það má sjá t.d. með því að einn leikskóli hefur þurft að vísa frá beiðnum um fræðslu.

Leikskólarnir hafa ekki skilgreint ráðgjafarhlutverk en leggja sig allir fram um að mæta beiðnum sem þeim berast. Mikill vilji og áhugi er á því að vel sé að þessu staðið en erfitt er að segja að um markvissa miðlun sé að ræða. Á meðan þetta hlutverk er ekki betur skilgreint og jafnvel bundið í lög er erfitt að ætlast til þess að svo sé. Einnig er eftirfylgni frá stjórnkerfinu með þessari þekkingu ekki nægjanleg til þess að hægt sé að gera kröfu um þessa miðlun. Eftirfylgni er mikilvæg til þess að halda upp metnaði og öryggi í því sem fengist er við. Okkur finnst ekki nægjanlegt að sú eftirfylgni sem er með þessum málefnum komi fyrst og fremst frá stjórnendum leikskólanna sjálfra. Ef að leikskólasvið ætlar að viðurkenna sérstöðu leikskólanna og flétta hana inn í starfsgrundvöll þeirra er

mikilvægt að eftirfylgnin komi þaðan. Til þess að samræma vinnubrögð og veita stuðning og aðhald verður eftirfylgni að koma að ofan.

Í öðru lagi var lagt upp með að kanna hvort leikskólar miðli sérþekkingu til annarra leikskóla. Við töldum að þekkingin væri að einangrast innan ákveðinna leikskóla en það reyndist ekki raunin í öllum tilfellum. Töluvert ósamræmi var í niðurstöðum spurningarlistans annarsvegar og viðtalanna hinsvegar. Okkar niðurstaða eftir vinnslu verkefnisins og ekki síst viðtalanna var sú að um þessar mundir er ekki mikið um miðlun sérþekkingar á milli leikskóla. Spurningalistarnir gáfu til kynna að allir væru að miðla sinni þekkingu. Þegar við tókum viðtölin kom þó í ljós að sjaldan var um markvissa miðlun að ræða.

Okkar skilningur á heildinni var sá að þessi miðlun væri ómarkviss og lítil miðað við umfang þekkingarinnar og þekkingarþörfina. Ekki hefur verið gengið á eftir því frá efri stigum þjónustunnar svo nokkru nemi. Þegar um miðlun þekkingarinnar er að ræða hefur hún í flestum tilfellum komið frá þeim sem sækjast eftir þekkingunni. Það er fyrst og fremst beðið um þá miðlun sem á sér stað frá aðilum sem þurfa á þessari þekkingu að halda. Þetta er ekki gert með skipulögðum hætti og misjafnt hvort að leikskólarnir telji sig í stakk búnir til að takast á við slíka miðlun. Það er einnig nauðsynlegt að sérþekking verði skilgreind nákvæmlega til þess að leikskólar geti ekki veitt ráðgjöf um einhverfu þegar þeir hafa í raun sérþekkingu á einni meðferðarleið.

Í þriðja lagi var ætlunin að kanna hvort áhugi væri fyrir aukinni miðlun sérþekkingar og hvernig þá mætti háttá þeirri miðlun. Almennt benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að leikskólarnir séu áhugasamir um að auka miðlun sérþekkingar. Við notuðum einnig viðtölin til þess að skerpa á þessari spurningu. Stjórnendur voru allir hlyntir því að miðla sérþekkingu sinna skóla en höfðu þó ekki sérstaka hugsjón í þeim efnum. Þeim leist vel á flest það sem við stungum upp á. Einn viðmælenda kom með hugmynd að gagnabanka en að öðru leyti hafði enginn aðrar hugmyndir en við lögðum til. Allir leikskólarnir voru sammála því að þjónusta við börnin væri best tryggð með því að miðlun sérþekkingar væri aukin og þar af leiðandi voru þeir áhugasamir um þessa hugmynd.

Það kom okkur á óvart hversu fáir þroskaþjálfar voru starfandi á þessu leikskólum. Okkur fannst áhugavert að velta fyrir okkur hlutfalli fagmenntaðra starfsmanna en við myndum auðvitað vilja sjá það hærra. Engu að síður var mikil áhersla lögð á jákvæðni þess að vera

með fjölbreyttan starfsmannahóp. Allir bera eitthvað til borðsins og saman er útkoman yfirleitt góð. Við vorum ánægðar með þá áherslu sem lögð var á sí- og endurmenntun starfsmanna þar sem við teljum þetta stuðla að faglegra starfi og vera börnunum í hag. Samkvæmt spurningalistanum var meirihluti leikskóla að miðla sinni þekkingu og höfðu þeir fengið kröfu um það. Í viðtölunum aftur á móti reyndist staðan vera önnur. Þetta er sennilega algengur fylgifyiskur þess að vinna með lítið úrtak sem þetta þar sem einn leikskóli getur breytt niðurstöðum mikið.

Allir viðmælendur okkar í viðtölunum voru sammála um að öll börnin græði á þessum fjölbreytta barnahópi sem er á leikskólanum. Því fannst okkur athyglisvert að rekast á umfjöllun hvað þetta varðar í bókinni Tálmar og tækifæri (2007). Þar kemur fram að á leikskóla sem athugaður var í tilviksathugunum heldur starfsfólk því fram að það geti bitnað á ófötludum börnum að vera með fötludum börnum á deild. Ástæðan fyrir því væri þá að meira álag fylgi því þegar stuðningur fylgir mörgum börnum á sömu deildinni. Engu að síður telur sama starfsfólk að ófötlud börnin hagnist á blönduninni. Þeir telja að börnin verði víðsýnni og umburðarlyndari. (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007). Við erum sannfærðar um að það séu fleiri kostir og gallar en kostirnir vega þyngra þegar vel er að þessari blöndun staðið

Það var ýmislegt sameiginlegt með leikskólunum fjórum sem við tókum viðtöl við. Allir leikskólar sem við ræddum við notast við sjónrænt dagskipulag. Dagskipulagið er notað með öllum börnunum en það er sérstaklega útfært fyrir börn með sérþarfir þar sem við á. Einnig notuðu allir nema einn leikskólanna tákni með tali í starfi með öllum börnum en það er aðlagð að börnum með sérþarfir eftir atvikum. Allir voru sammála um það að með þessu væri betri grunnur fyrir hendi til þess að taka á móti börnum með ýmiskonar frávik og mæta þeim þar sem þau væru stödd í þroska. Báðar aðferðirnar koma sér líka vel í starfi með börnum af erlendum uppruna og auðveldar þeim aðlögun og máltöku í framandi umhverfi.

Okkur fannst mikið talað um að virða óskir foreldra og leggja mikið upp úr góðu foreldrasamstarfi. Þrír viðmælendur töluðu um að það væri sjálfsagt og einn gekk svo langt að segja að það væri skylda þeirra að veita barninu þá þjónustu sem foreldrarnir sóttust eftir fyrir barn sitt. Það átti þó einungis við svo framarlega sem sú íhlutun sem í þjónustunni var fólgin væri viðurkennd.

Öllum bar saman um að þeir myndu nýta sér gagnabanka til þess að auðvelda móttöku, aðlögun og þjálfun barns með sérþarfir, hvort sem um fötlun eða ólíkan menningarbakgrunn væri að ræða.

Okkur fannst nokkur misbrestur á því hvernig leikskólarnir settu fram stefnu sína og sjónarmið og við undrumst það að einstakir leikskólar geti hafnað meðferðarleiðum sem teljast viðurkenndar og mælt er með af sérfræðingum. Það kom okkur á óvart að með þessum hætti væri í raun gengið fram hjá rétti foreldra til þess að velja. Einn leikskólanna var heldur ekki tilbúinn til að láta af hendi þau gögn og búnað sem hann hefur þróað í sérkennsluhlutverki sínu. Aftur á móti var hann tilbúinn til þess að sýna þau og veita hugmyndir og þá jafnframt aðstoð við útfærslu á öðrum stöðum.

Foreldrasamstarf var öllum leikskólunum hugleikið og öllum bar saman um það að með því að vel væri að því staðið væri hagur barnanna best tryggður. Foreldrasamstarf við foreldra barna með frávik og börn af erlendum uppruna getur reynst flókið og vandasamt. Þar af leiðandi er mikilvægt að leggja metnað í að vel sé að því staðið og hlúð vel að þeim rötum sem barnið hefur. Í fjölmennningarlegu samfélagi getur líka reynst erfitt að eiga við fatlanir og frávik því mikill mismunur er á milli þeirra skilgreininga og hugmynda sem ríkja um fötlun innan mismunandi menningaheima. Hér á landi erum við komin ákveðið langt t.d. í þekkingu á einhverfurófsröskunum á meðan að þeirri þekkingu er mjög ábótavant t.d. í Afríkulöndum. Það sem við teljum vera vandamál í framkomu og hegðun getur verið að fólk af öðrum uppruna finnist ekki vera neitt tiltökumál. Þetta getur líka verið spurning um að þekkja á kerfið og þá þjónustu sem er í boði og það getur reynst nýbúum erfitt.

Nú er verið að endurskoða sérkennslumál í borginni og því margar hugmyndir uppi á borðinu. Sú hugmynd hefur verið sett fram að viðurkenna tvo leikskóla sem nokkurs konar móðurskóla fyrir ákveðnar tegundir fatlana. Innan hvers hverfis yrði síðan settur upp samskonar móðurleikskóli fyrir þær fatlanir og sérþarfir sem eftir standa. Þetta er enn allt í mótun en við höfum mikið rætt þetta og velt þessu fyrir okkur. Við teljum að þetta væri gerlegt í þeirri mynd að einn leikskóli innan hverfis myndi sérhæfa sig í t.d. einhverfu eða fjölmenningu. Það væri þá hlutverk þess leikskóla að verða nokkurskonar þekkingarsetur og sjá til þess að styðja við og miðla sinni þekkingu til þess að allir leikskólar gætu sinnt fjölbreyttum þörfum barnahópsins.

Lokaorð

Eftir að hafa hræst í þessu verkefni undanfarin misseri höfum við óneitanlega myndað okkur skoðun á viðfangsefninu. Okkur fannst athyglisvert hversu lítið var um að þroskaþjálfar störfuðu innan leikskólanna. Við höfum að sjálfsögðu háleitar hugmyndir um að það myndi styrkja stöðu leikskólanna og þekking þroskaþjálfra á fötlunum barna væri góð viðbót við þá þekkingu sem er til staðar. Með lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að leikskólakennarar hafi alltaf forgang fram yfir annað starfsfólk leikskóla. Við sjáum ekki alveg hvernig það fer saman við það að nýta starfskrafta þroskaþjálfra með börnum með ýmiskonar sérþarfir. Að okkar mati er það nauðsynlegt að hafa þroskaþjálfra á þessum leikskólum. Þó það væri ekki nema bara vegna þess sem einn viðmælandi okkar sagði við okkur í viðtali. Hann sagði að leikskólakennarar horfa á barnahópinn í heild sinni á meðan sjónarhorn þroskaþjálfans er fyrst og fremst beint að einu barni. Þetta er ekki endilega ástæða ein og sér til þess að ráða þroskaþjálfra til starfa. Við aftur á móti teljum að samvinna þroskaþjálfra og leikskólakennara og annarra fagstétta á sama vettvangi, geti stuðlað að því að þjónusta við börnin verði bætt. Allar stéttir hafa sína styrkleika og því er nauðsynlega að vera ekki með einsleitan starfsmannahóp.

Við teljum mikilvægt að það verði skilgreint hvað felst í hugtakinu sérþekking og að þeir leikskólar sem búa yfir sérþekkingu fái viðurkennt hlutverk í þeim efnum. Með tilliti til utanaðkomandi aðstæðna eins og það þjóðfélagsástand sem við búum við um þessar mundir teljum við að besta leiðin til þess að auka miðlun sérþekkingar væri með gagnabanka. Þannig væri hægt að safna upplýsingum á einn stað og auðvelt aðgengi væri fyrir aðra til þess að nýta sér þessar upplýsingar. Þegar fram líða stundir mætti síðan endurskoða þetta mál og möguleika á einhverskonar þekkingarsetri. Við sjáum líka fyrir okkur að skiptikennsla í einhverri mynd gæti nýst til þess miðla þekkingu. Þá væri hægt að fá fróðan og reyndan einstakling t.d. í tákni með tali til að aðstoða við að innleiða það í daglegt starf. Á meðan það færi fram myndi sá leikskóli senda starfsmann frá sér til hins skólans og þar gæti sá starfsmaður t.d. hjálpað til við að setja upp sjónrænt dagskipulag.

Í takt við þá þróun sem hefur verið í heiminum undanfarið má segja að hann fari ört minnkandi með þróaðri og betri tækni. Þar af leiðandi ætti aðgengi að þessum upplýsingum að vera betra og auðveldara að miðla þeim. Þar sem landamæri eru orðin óljósari og tæknin leyfir okkur ótrúleg samskipti á milli heimsálfa er kominn tími til að

leikskólarnir sameinist í einhverri lausn sem stuðlar að aukinni miðlun þessarar þekkingar um leið og þeir koma hver úr sínu horni.

11. Heimildir

- American Psychiatric Association. (1994). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders* (4. útgáfa.). Washington, DC: APA.
- Anna Kristín Sigurðardóttir. (2007). *Þróun einstaklingsmiðaðs náms í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Netla, Kennaraháskóli Íslands.
- Barkley, R. A. (1998). *Attention-deficit hyperactivity disorder: A handbook for diagnosis and treatment* (2.útgáfa). New York, US: Guilford Press.
- Batshaw, M. (2002). *Children with Disabilities*. Washington, DC: Paul H. Brookes Publishing co.
- Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir, Hildur Blöndal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Hulda Karen Daniélsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir. (2007). Íslenskur veruleiki, samfélag og skóli. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjóri), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 151-184). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Börn af erlendum uppruna í leikskólum haustið 2006. (e.d.). Sótt 23.janúar 2009 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/skolastarfitolum/12b_Boern_af_erlendum_uppruna___leisk.pdf
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjóri), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101-130). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hrönn Pálmadóttir, Hanna H. Leifsdóttir og Ásrún Guðmundsdóttir. (2007). Niðurstöður: Hvernig bregðast skólar, sveitarfélög og ríki við námsþörfum nemenda? Fyrri leikskólinn. Í Gretar L. Marinósson (ritstjóri), *Tálmar og tækifæri* (bls. 69-70). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Evald Sæmundsen. (2003). *Einhverfa og skyldar raskanir*. Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Sótt 22. janúar 2009 af http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/umf_einhverfa.html
- Ferguson, D. L, Ralph, G., Meyer G., Lester, J., Droege, C., Guðjónsdóttir, H., Sampson, N. K., Williams, J. (ritstjóri). (2001). *Designing personalized learning for every student*. Alexandria, VA: Association for Supervision and Curriculum Developement.

- Félagsmálaráðuneytið. (2006). *Mótum framtíð: þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007-2016. Traust – Sveigjanleiki - Þróun*. Sótt 5. janúar 2009 af http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/thjonusta_f/framtidarsyn_stefna_samantekt.pdf
- Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Samningur um réttindi fólks með fötlun*. Sótt 27. febrúar 2008 af www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Samningur_fatladra.pdf
- Frith, U. (2008). *Autism: a very short introduction*. New York: Oxford University Press.
- Fríða Bjarney Jónsdóttir og Anna Margrét Þorláksdóttir. (e.d.). *Fjölmennning í leikskólum – enginn eins en allir með*. Sótt 10. mars 2009 af www.allirmed.is
- Guralnick, M. (2002). *The Effectiveness of Early Intervention*. Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.
- Hafdís Guðjónsdóttir. (1994). Heiltæk skólastefna - samvirkt nám. *Glæður: fagtímarit félags íslenskra sérkennara*, 4, 4-13.
- Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjóri). (2007). *Fjölmennning á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Heyrnar- og talmeinaáætlun Íslands. (e.d.). *Heyrnarskerðing*. Sótt 18. janúar 2009 af <http://hti.is/Forsida/Heyrn/Heyrnarskerding/>
- Ingibjörg Hafstað. (1994). *Milli menningarheima*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Jakob Smári. (e.d.). *Hvað er félagsfælni?* Sótt 8. apríl 2009 af <http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=13&pid=11>
- Lög um leikskóla* nr. 90/2008.
- Lög um málefni fatlaðra* nr. 59/1992.
- McMillan, J. H. (2004). *Educational Research, fundamentals for the consumer*. Boston: Pearson Education, Inc.
- Menningamálastofnun Sameinuðu þjóðanna. (1994). *Salamancaýfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Miller, F. og Bachrach, S. (1995). *Cerebral Palsy: a complete guide for caregiving*. Baltimore: The John Hopkins University Press.
- Reglugerð um sérkennslu*, nr. 389/1996.
- Reykjavíkurborg, Leikskólasvið. (2008). *Stefna og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntun leikskólabarna*. Sótt 23. janúar 2009 af

http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/leikskolar/starfsaetlunleikskgrunnsk2006/STEFNA-leikskolar_2008.pdf

Reykjavíkurborg. (2008). *Reglur um umsókn, innritun, gjaldtöku og innheimtu leikskóla*. Sótt þann 7. mars 2008 af

<http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/Innritunarreglurr.26.nov.pdf>

Reykjavíkurborg. (2008). *Reglur um úthlutun á stuðningstímum til barna í leikskólum hjá Reykjavíkurborg*. Sótt þann 7. mars 2008 af

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/leikskolasvid/reglur_vegna_uthlutunar.pdf

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992

Schaffer, D. R. (2002). *Developmental Psychology*. Belmont, USA: Wadsworth – Thomas learning.

Shonkoff, J. P. og Meisels, S. J. (2000). Early Childhood Intervention – A Continuing Evolution. Í J. P. Shonkoff og S. J. Meisels (ritstjóri), *Handbook of early childhood intervention* (2. útgáfa, bls. 3-34). New York: Cambridge University Press.

Sigríður Lóa Jónsdóttir. (2005). Snemmtæk atferlisþjálfun barna með einhverfu. *Glæður: fagttímarit félags íslenskra sérkennara*, 15(1), 12-19.

Sigurbjörg Marteinsdóttir og Steinunn Gunnlaugsdóttir. (e.d.). *Kvíðaraskanir hjá börnum og unglíngum*. Sótt 16. mars 2009 af

[http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/timaritpages/T2B3AFA206C54E49700256E1500551671/\\$file/Kvidaraskanir.pdf](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/timaritpages/T2B3AFA206C54E49700256E1500551671/$file/Kvidaraskanir.pdf)

Tomlinson, C. A. og Allan, S. D. (2000). *Leadership for Differentiating Schools & Classrooms*. Alexandria: ASCD.

Tryggvi Sigurðsson. (2008). Snemmtæk íhlutun – yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjóri), *Þroskahömlun barna: orsakir-eðli-íhlutun* (bls. 119-126). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Umboðsmaður barna. (e.d.). *Stutt umfjöllun um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt 24. október 2008 af <http://barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/>

Umhuga. (2008). *Börn, unglíngar og þunglyndi*. Sótt 15. mars 2009 af <http://www.umhuga.is/Thunglyndi/Born-unglingar-og-thunglyndi>

World Health Organization. (e.d.). *International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems 10th Revision*. Sótt 8. apríl 2009 af <http://www.who.int/classifications/apps/icd/icd10online/>

Ævar Þórólfsson. (e.d.). *Hegðunarröskun og mótþróaþrjóskuröskun*. Sótt 15. mars 2009 af <http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=68&pid=18>

Viðauki A

1. Almennt um leikskóla

1. Hversu margir nemendur eru í leikskólanum?

2. Hversu margir starfsmenn eru við leikskólann?

3. Hversu margir fagmenntaðir starfsmenn starfa við leikskólann?

Athugið að einungis er átt við starfsmenn sem starfa með börnunum

- a. Fjöldi leikskólakennara _____
- b. Fjöldi þroskaþjálfara _____
- c. Fjöldi grunnskólakennara _____
- d. Fjöldi uppeldisfræðinga _____
- e. Fjöldi sérkennara _____
- f. Fjöldi starfsmanna með aðra menntun _____

4. Hversu margir ófaglærðir starfsmenn eru starfandi í leikskólanum?

Athugið að einungis er átt við starfsmenn sem starfa með börnunum

5. Reynir leikskólinn með beinum eða óbeinum hætti að stuðla að menntun, endurmenntun og/eða símenntun starfsmanna?

- a. Já
- b. Nei

6. Ef já, þá með hvaða hætti?

Athugið að hér má velja fleiri en einn valmöguleika

- a. Með styrkjum?
- b. Með námskeiðahaldi?
- c. Með því að kynna vel framboð á símenntun?
- d. Með hvatningu?
- e. Annað, þá hvað?

2. Almennt um sérþekkingu

7. Býr leikskólinn þinn yfir sérþekkingu á sviði sérkennslu?

- a. Já

b. Nei

8. Ef já, hversu mikla telur þú þá þekkingu?

- a. Mjög mikla
- b. Mikla
- c. Í meðallagi
- d. Litla
- e. Mjög litla

9. Í hverju felst þessi þekking?

Athugið að hér má velja fleiri en einn valmöguleika

- a. Kunnáttu til að sinna börnum með hreyfihömlun
- b. Kunnáttu til að sinna börnum með einhverfu
- c. Kunnáttu til að sinna börnum með þroskahömlun
- d. Kunnáttu til að sinna börnum með hegðunarfrávik
- e. Kunnáttu til að sinna börnum af erlendum uppruna
- f. Annað, þá hvað: _____

10. Hvernig varð þessi sérþekking til?

Athugið að hér má velja fleiri en einn valmöguleika

- a. Með vinnslu þróunarverkefnis
- b. Með því að hafa börn með sérþarfir í leikskólanum
- c. Með samvinnu við fagfólk utan leikskólans
- d. Með sí- og endurmenntun starfsfólks
- e. Af tilviljun
- f. Annað, þá hvað: _____

11. Hefur leikskólinn tekið þátt í þróunarverkefnum?

- a. Já
- b. Nei

12. Ef já, þá hvaða? _____

13. Fékk/fær leikskólinn styrki til þess að byggja upp aukna þekkingu og/eða viðhalda sérþekkingu?

- a. Já
- b. Nei

3. Miðlun sérþekkingar

14. Hefur leikskólinn skilgreint ráðgjafarhlutverk gagnvart öðrum leikskólum?

- a. Já
- b. Nei

15. Miðlar leikskólinn sérþekkingu sinni markvisst til annarra leikskóla?

- a. Já
- b. Nei

16. Ef já, hvernig er þeirri miðlun háttað?

Athugið að hér má velja fleiri en einn valmöguleika

- a. Með ráðgjöf
- b. Með fræðslu
- c. Með skiptikennslu
- d. Með því að deila gögnum
- e. Annað, þá hvað

17. Af hverju miðlar leikskólinn þessari þekkingu?

Athugið að hér má velja fleiri en einn valmöguleika

- a. Vegna eftirspurnar
- b. Vegna ráðgjafarhlutverks leikskólans
- c. Af öðrum ástæðum, þá hvaða

18. eru stjórnendur leikskólans meðvitaðir um framtíðarsýn Reykjavíkurborg í málefnum leikskólanna?

- a. Já
- b. Nei
- c. Að einhverju leiti

19. eru stjórnendur og starfsmenn leikskólans meðvitaðir um hlutverk sitt í tengslum við ráðgjöf til annarra leikskóla?

- a. Já
- b. Nei
- c. Annað, þá hvað: _____

20. Miðlar leikskólinn sérþekkingu sinni til foreldra?

- a. Já

b. Nei

c. Annað, þá hvað: _____

21. Hefur Leikskólasvið Reykjavíkurborgar gert kröfu um miðlun sérþekkingarinnar?

a. Já

b. Nei

22. Hefði leikskólinn áhuga á því að auka miðlun sérþekkingar sinnar?

a. Já

b. Nei

23. Ef já, af hverju er áhugi á því?

Athugið að hér má velja fleiri en einn valmöguleika

a. Til að auka upplýsingaflæði

b. Til að efla þjónustu leikskólans

c. Til að efla og styrkja ráðgjafarhlutverk sitt?

Annað, þá hvað: _____

24. Ef já, með hvaða hætti?

Athugið að hér má velja fleiri en einn valmöguleika

a. Með fræðslu

b. Með skiptikennslu

c. Með því að deila gögnum

d. Með að vera þátttakandi í þekkingarsetri

e. Annað, þá hvað: _____

25. Telja stjórnendur leikskólans að sérþekking hans hafi áhrif á val foreldra á viðkomandi leikskóla?

- a. Já
- b. Nei
- c. Í sumum tilfellum

26. Skilar sérþekking leikskólans sér til allra barnanna eða einungis þeirra sem sérþekkingin nær til?

- a. Allra barnanna
- b. Þeirra sem sérþekkingin nær til
- c. Hvorki né
- e. Annað, þá hvað: _____

27. Hvernig er eftirfylgni með sérþekkingunni háttáð?

Athugið að hér má velja fleiri en einn valmöguleika

- a. Frá leikskólastjóra
- b. Frá sérkennslustjóra
- c. Frá þjónustumiðstöð
- d. Hún fer fram frá leikskólasviði
- e. Annað, þá hvað: _____

Viðauki B

Viðtalsspurningar

Hvaða símenntun er í boði?

Tengist hún þeirri sérþekkingu sem er í boði

Hvernig skilgreinir leikskólinn sína sérþekkingu?

Í hverju felst hún – atferlismeðferð, skipulagðri kennslu, tákni með tali, málörvun og etc.

Hvernig teljið þið að sérþekkingin sé mælanleg?

Er það reynslan/gæðin/magnið?

Myndi leikskólinn kæra sig um að vera í ráðgjafarhlutverki hvað varðar miðlun sérþekkingar til annarra leikskóla?

Sbr. Framtíðarsýnina

Með hvaða hætti er eftirfylgni háttað?

Margir tala um að sérþekkingin skili sér til allra barna, með hvaða hætti ?

Viðauki C

Kæri viðtakandi.

Við undirritaðar erum namar á lokaári í þroskaþjálfanami við Háskóla Íslands. Við erum að undirbúa lokaverkefni ð okkar og leitum þess vegna liðsinnis ykkar.

Í stefnu og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar er talað um skóla án aðgreiningar. Sérþækar fatlanir og fjölmennig eru sérstaklega tilgreind í þessu riti og talað um að nokkrir leikskólar búi yfir sérþekkingu á þessu sviði. Þeir leikskólar sem hafa byggt upp slíka þekkingu undanfarin ár búa yfir mjög mikilli reynslu og kunnáttu. Hjá leikskólasviði voru okkur veittar upplýsingar um hvaða leikskólar það væru sem byggju yfir þessari þekkingu og var leikskólinn þinn þar á meðal. Okkur langar að fá innsýn í starf leikskólans á þessu sviði og hvernig þessari þekkingu er miðlað til annarra leikskóla.

Okkur þætti vænt um ef þið gætuð séð af tíma til að svara meðfylgjandi könnun. Eftir úrvinnslu spurningalistans er ætlunin að fá að taka viðtöl við þá sem málið varðar innan leikskólans til að fá frekari upplýsingar um þá sérþekkingu sem leikskólinn býr yfir og miðlun hennar. Með því að taka þátt í þessari könnun eru þátttakendur því jafnframt að samþykkja að veita viðtal og taka þannig þátt í áframhaldandi rannsókn ef farið verður fram á það. Þessi spurningalisti er almennur en með viðtölunum er ætlunin að kafa dýpra í efnið. Þátttaka þín væri okkur ómetanleg hjálp og það myndi gleðja okkur að fá að kynnast starfi ykkar. Niðurstöðurnar notaðar við vinnslu BA verkefnis okkar og m.a. kynntar á opnu málþingi útskriftarnema á þroskaþjálfabraut í apríl 2009.

Könnunin verður opin á vefnum til **15. desember**. Ef einhverjar spurningar vakna þá sendið okkur endilega sendið okkur línu.

Við höfum nú þegar sent ykkur þetta bréf í tölvupósti á netfang leikskólans. Einhverra hluta vegna virðist sem bréfið skili sér ekki í gegnum ruslpóstvarnir hjá ykkur og því förum við þessa leið. Vonandi kemur það ekki að sök þó að þið þurfið að hafa aðeins meira fyrir því að taka þátt með þessu móti. Vefslóðin er neðst í þessu bréfi.

Ef þið viljið heldur að við gerum aðra tilraun með tölvupóstinn þá væri gott ef þið senduð okkur línu á neðangreind pósthönd með upplýsingum með pósthönd sem við gætum notað.

https://www.surveymonkey.com/s.aspx?sm=0Um_2fUTMPv1SBb2ygJoF5w_3d_3d

Með fyrirfram þökk .

Soffía Adólfadóttir og Telma Kjaran þroskaþjálfanemar

soffiaosp@hotmail.com / telmakjaran@gmail.com

Viðauki D

Heil og sæl !

Þið unnuð spurningalista fyrir lokaverkefni okkar núna í desember/janúar og nú er komið að því að við þurfum að taka viðtöl til að fylgja listunum eftir. Okkur þætti mjög fróðlegt að fá að taka viðtal við einhvern hjá ykkur sem hefur yfirsýn yfir þá sérþekkingu sem þið búið yfir.

Það myndi henta okkur vel ef þið gætuð tekið á móti okkar þann __ febrúar kl. __

Kveðja

Soffía Adólfsdóttir og Telma Kjaran